

1993–94. – 1063 ár frá stofnun Alþingis.

117. löggjafarþing. – 283. mál.

1112. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Þegar núgildandi lög um stjórn fiskveiða voru afgreidd frá Alþingi vorið 1990 náðist um það samkomulag að á næstu tveimur árum skyldi fara fram endurskoðun lagaákvæða um stjórn fiskveiða. Var frá þessu gengið í sérstöku ákvæði til bráðabirgða sem einnig fól í sér lýsingu á tilhögun þessarar endurskoðunar. Var þar tekið fram að hafa skyldi náíð samráð við helstu hagsmunaaðila og sjávarútvegsnefnd. Þarna var fylgt þeirri hefð sem skapast hafði á undangengnum árum að fulltrúar allra stjórnsmálaflokka kæmu jafnan að vinnu af þessu tagi.

Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum vorið 1991 tók hún að sjálfsgöðu við þeim skyldum sem framangreint lagaákvæði lagði stjórnvöldum á herðar og bar því að hafa forustu fyrir endurskoðun laganna sem ákveðin hafði verið vorið 1990.

Skemmst er frá því að segja að þessu verkefni hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og sjávarútvegsráðherra Þorsteinn Pálsson fyrir hennar hönd klúðrað með öllu. Ríkisstjórnin valdi það ógæfulega verklag strax í byrjun að loka málið af í þröngum hópi stjórnarliða og til varð hin fræga tvíhöfðanefnd, skipuð fulltrúum stjórnarflokkanna eingöngu. Ofan í kaupið komu stjórnarflokkarnir sér ekki saman um eðlilega forustu fyrir nefndinni og sjávarútvegsráðherra, sem eðli málsins samkvæmt hefði átt að bera ábyrgð á endurskoðunarstarfinu, og því sjálfgefið að hann skipaði formann, gaf það eftir. Stjórnarflokkarnir tilnefndu hvor sinn manninn og til varð hinn frægi bastardur tvíhöfðanefnd. Fljótlega kom á daginn að það stóð ekki til að vinna málið í samræmi við ákvæði laganna og allt samráð við stjórnarandstöðuna sem slíka var hunsað og einnig að mestu leyti við sjávarútvegsnefnd fyrir utan þau skipti þegar sjávarútvegsnefnd sjálf hafði frumkvæðið að því að kalla fyrir sig forustumenn tvíhöfðanefndar eða krefjast upplýsinga um hvar nefndarstarfið væri á vegi statt. Ekki bætti það úr skák að þegar kom fram á árið 1993 drógu sjómenn sig út úr þessu starfi þar sem að þeirra mati voru engin sjáanleg merki um að taka ætti mark á þeirra sjónarmiðum. Afleiðingarnar urðu svo þær sem allir þekkja. Frá upphafi stóð mikill styrk um niðurstöðu tvíhöfðanefndar og þær tillögur sem hún gerði um framtíðarfyrirkomulag á stjórn fiskveiða. Bullandi óánægja og ágreiningur varð fylgiskur tillagna tvíhöfðanefndar strax frá byrjun eins og miklir hitafundir nefndarinnar í kjördæmunum gáfu strax tóninn um.

Deilur, sem tengdust viðskiptum með veiðiheimildir, svonefnt kvótabrask, fóru harðandi eftir því sem leið á árið 1993 og leiddu að lokum til þess að sjómenn skáru upp herör gegn ástandinu og boðuðu til verkfalls. Óþarfi er að rekja þá sögu í einstökum atriðum því að hún er mönnum í fersku minni og lyktir þess kafla urðu með setningu bráðabirgðalaga fáeinum dögum áður en Alþingi átti að hefja störf á nýjan leik í janúarmánuði. Með því var deilunni í rauninni slegið á frest um hálfis árs skeið. Loforð ríkisstjórnarinnar um að leggja fram frumvörp sem tækju á kvótaviðskiptunum og kæmu þeim í farveg gufuðu upp og urðu að engu.

Síðan hefur tíminn liðið og komið er fram í miðjan apríl þegar skyndilega berast af því fréttir að stjórnarflokkarnir hafi sín í milli og innbyrðis í sínum þingflokkum með miklum hrossakaupum náð saman um tillögur til breytinga á þeim frumvörpum sem fyrir þinginu lágu og er sú atburðarás öll með ólíkindum. Eftir langan og strangan þingflokksfund hjá Sjálfstæðisflokknum, sem ætla verður að hafi helst líkst einhvers konar uppboðsmarkaði, slík virðast hrossakaupin hafa verið, kom sjávarútvegsráðherra vígreifur fram í fjölmiðlum um miðnætti og lýsti því yfir að nú væru þau tímamót orðin að ríkisstjórnin hefði meiri hluta fyrir málum sínum á þingi. Meiri hluti stjórnarflokkanna væri nú tryggður á bak við stjórnarfrumvörp um sjávarútvegsmál. Á daginn kom að stuðningur við málið hafði verið keyptur með alls konar óskyldum þáttum sem til sjávarútvegsmálanna heyra, svo sem með því að auka rækjukvótann um 7 þús. tonn, breyta reglum um togveiðihólf og öðru því um líku. Virðist þetta hafa verið einhvers konar meðlagsgjöf til þeirra stjórnarþingmanna sem erfiðast áttu með að lofa stuðningi við stjórnarfrumvörp um sjávarútvegsmál og breytingar á þeim sem nú hafa verið boðaðar. Síðan hefur komið á daginn að stjórnarflokkarnir treysta sér ekki til að taka mark á gagnrýni eða breytingartillögum sem fram hafa komið af ötta við að samkomulagið springi í loft upp.

Það er óhjákvæmilegt að gagnrýna það harðlega að það endurskoðunarstarf, sem sett var á stað við afgreiðslu laganna vorið 1990 og staðið hefur allan þennan tíma og átti reyndar að ljúka í árslok 1992, skuli eftir allan þann tíma enda með því að lagðar eru til verulegar breytingar sem fram koma á síðustu stundu þannig að sáralítill tími gefst til að vega þær og meta við afgreiðslu málsins. Auðvitað er ljóst að hér er á engan hátt að málum staðið með þeim hætti sem vera skyldi. Það er enn fremur ljóst að því fer víðs fjarri að hér sé á ferðinni sú heildstæða stefnumótun og mótun nýrrar og heildstæðrar sjávarútvegsstefnu sem taki bæði til veiða og vinnslu sem talað hefur verið um og rætt er um í málefnasamningi ríkisstjórnar. Hér er ekkert slíkt á ferðinni heldur eingöngu plástrar á kerfið og lagfæringar til að reyna að lægja óánægjuöldur hnýttar saman með hrossakaupum stjórnarflokkanna.

Fyrsti minni hluti lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni á þessum vinnubrögðum. Umsagnir, sem nefndinni hafa borist um frumvarpið, tala sínu máli um það hve vandasöm mál eru hér á ferð. Jafnframt eru birtar athugasemdir og umsagnir þeirra aðila sem nefndin náði að tala við frá því breytingartillögur ríkisstjórnarflokkanna litu dagsins ljós, en allt of skammur tími gafst til að fara yfir þær og draga fram í dagsljósið þau áhrif sem afgreiðsla þeirra kann að hafa á starfsumhverfi sjávarútvegsins.

Fulltrúar 1. minni hluta munu flytja breytingartillögu við frumvarpið þar sem tekið er á nokkrum meginatriðum. Tekið skal fram að þar er eingöngu um nokkur grundvallaratriði að ræða þótt þörf væri á að skoða lagfæringar og breytingar á fjölmörgum fleiri sviðum. Ljóst er að engar forsendur hafa skapast til þess að Alþingi sjálft og sjávarútvegsnefnd þingsins leggi vinnu í að reyna að ná samstöðu um að móta heildstæða sjávarútvegsstefnu. Eins og stjórnarflokkarnir hafa staðið að þessum málum er Alþingi og sjávarútvegsnefnd í reynd stillt upp við vegg gagnvart þeim hrossakaupum málamiðlana sem stjórnarflokkarnir hafa ástundað sín í milli og verður enn að átelja það. Því er hér valin sú leið að undirstrika nokkrar grundvallaráherslur Alþýðubandalagsins í breytingartillögum sem fram koma á sérstöku þingskjali.

1. Lagt er til að 3. másl. 1. gr. laganna verði breytt. Tryggja verður að arðurinn af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar renni til íbúa byggðanna og landsmanna allra en ekki til fáeinna útgerðaraðila. Stöðva verður þá eignamyndun á óveiddum fiski sem

þegar á sér stað í nágildandi kerfi þrátt fyrir sameignarákvæði laganna um stjórn fiskveiða. Það að bæta orðunum „ígildi eignarréttar“ inn í 3. málsl. 1. gr. er stefnumarkandi fyrir lagasetninguna sjálfa, setur öllum framsalsmöguleikum veiðiheimilda þrengri ramma og vísar afgerandi veginn við túlkun laganna.

2. Lagt er til að ný málsgrein bætist við 3. gr. laganna. Þetta ákvæði á að tryggja að leyfður hámarksafli náist og draga úr einkaréttar- og eignarréttaráhrifunum sem aflamarksúthlutunin veldur. Ákvæðið er nánast forsenda þess að hægt sé að takmarka leigu veiðiheimilda innan ársins. Til að örugglega sé hægt að halda veiðunum innan þess ramma sem ákvörðun um hámarksafli setur er ráðherra veitt heimild til að afturkalla ákvörðun um „frjálsar veiðar“ ef útlit verður fyrir að flotinn fari fram úr settu marki.
3. Lagt er til að við lögin bætist þrjú ný ákvæði til bráðabirgða. Ákvæði þessi skýra sig sjálf. Hér er valin sú leið að setja efni þeirra fram sem ákvæði til bráðabirgða þar sem þeim er annars vegar ætlað að hafa tímabundin áhrif (ákvæði I og II) eða taka á aðkallandi vandamáli með tilteknum hætti án þess að því sé slegið föstu að slíkt fyrirkomulag skuli gilda um ókomin ár (ákvæði III).

Alþýðubandalagsmenn munu við afgreiðslu frumvarpsins og breytingartillagna meiri hlutans taka efnislega afstöðu til einstakra þátta málsins og styðja þær breytingartillögur sem þrátt fyrir allt horfa til réttar áttar en eftir atvikum greiða atkvæði gegn eða sitja hjá við aðrar. Að lokum skal undirstrikað að lýsa verður fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni fyrir þau ótrúlegu handarbakavinnubrögð og klúður sem ástunduð hafa verið í öllum málefnum sjávarútvegsins. Það er dapurlegt til þess að vita að þessi undirstöðugrein í íslensku atvinnulífi og íslenskri gjaldeyrissköpun skuli þurfa að sæta slíkri meðferð á sínum málum af hálfu ríkisstjórnar landsins.

Alþingi, 28. apríl 1994.

Steingrímur J. Sigfússon,
frsm.

Jóhann Ársælsson.

Fylgiskjal I.**Umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna.**

(19. apríl 1994.)

Stjórn LÍÚ kom saman til fundar 18. apríl sl. til að fjalla um frumvörp sjávarútvegsráðherra varðandi samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, tillögur til breytinga á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sérstakan viðbæti við breytingartillögur við frumvarp til laga um breytingu á fiskveiðistjórnarlögunum og breytingartillögur við frumvarp til laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Hér fara á eftir athugasemdir stjórnarinnar við einstök frumvörp:

Stjórn LÍÚ lýsir yfir stuðningi við frumvarp um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna. Stjórnin telur að efni frumvarpsins í núverandi mynd geti orðið til þess að leysa hugsanleg ágreiningsefni milli útvegsmanna og sjómanna ef upp kemur ágreiningur varðandi uppgjörsmál þeirra.

Sjávarútvegsráðherra hafa áður verið kynnt sjónarmið LÍÚ varðandi afstöðu til krókaleyfisins og ítrekar stjórn samtakanna fyrri yfirlýsingar. Þegar núgildandi lög voru sett voru miklar deilur uppi um skiptingu veiðiréttar milli báta yfir og undir 10 rúml. Sjávarútvegsráðuneytið kynnti þá fyrir fulltrúum útvegsmanna núverandi ákvæði um krókaleyfið sem samkomulag við fulltrúa Landssambands smábátaeigenda með þeim aðlögunartíma sem þar er gefinn. Fulltrúar útvegsmanna féllust á þessa málamiðlun í trausti þess að við það samkomulag yrði staðið sem nú á ekki að standa við. Stjórn samtakanna fordæmir slík vinnubrögð. Stjórnvöldum hlýtur að vera það ljóst að með því að brjóta þetta samkomulag er verið að gefa krókaleyfishöfum rýmri aðgang að fiskimiðunum á kostnað þeirra sem nú eru bundnir aflamarki. Með þessari ákvörðun er grafið undan tiltrú aðila á kvótakerfið og stuðlað að því að veitt verði meira úr þorsstofninum en efni standa til.

Stjórn LÍÚ gerir ekki athugasemd við að skilyrði, sem sett eru í 2. mgr. fyrir því að mæta megi áföllum vegna verulegrar aflaskerðingar, verði felld niður.

Ákvæðum í frumvarpi til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, er miða að því að þrengja frekar framsalsrétt útgerða, er mótmælt. Hér er sérstaklega átt við ákvæði við 8. gr. er verði 7. gr. þess efnis að þegar meira en 15% af aflamarki því af einhverri tegund, sem úthlutað var til skips í upphafi fiskveiðiárs, hefur verið flutt frá skipinu til skipa í eigu annarra útgerða án þess að um jöfn skipti sé að ræða er óheimilt á sama fiskveiðiári að flytja aflamark af sömu tegund til skipsins. Á sama hátt er óheimilt að flytja aflamark frá skipi þegar meira en sem svarar 15% af upphaflegu aflamarki skipsins af viðkomandi tegund hefur verið flutt til skipsins af skipum í eigu annarra útgerða á fiskveiðiárinu án þess að um jöfn skipti sé að ræða.

Stjórn LÍÚ er sammála ákvæði við 9. gr. sem verður 8. gr. þess efnis að veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Stjórnin telur að nú þegar fyrir liggur tillaga að frumvarpi um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, sem aðilar ættu að geta verið sammála um, sé óþarfi að þrengja frekar framsalsmöguleika í lögum um stjórn fiskveiða.

Ítrekuð er áður kynnt andstaða samtakanna við stofnun þróunarsjóðs sem mun hafa það hlutverk með höndum að innheimta sérstakt gjald af útgerðum og skylda þannig alla útvegsmenn til þess að greiða töpuð útlán Atvinnuþryggingarsjóðs og Hlutfjár sjóðs. Það er óþolandi að útgerðir, sem þáðu enga fyrirgreiðslu úr þessum sjóðum skuli með lögum vera þvingaðar til þess að standa skil á þessum útlánnum sem stjórnvöld á sínum tíma ákváðu að veita einstaka fyrirtækjum einhliða. Slík vinnubrögð grafa undan eðlilegum starfsreglum og siðferðisvitund þeirra aðila er starfa í sjávarútveginum.

Lög um væntanlegan þróunarsjóð verða ekki skilin öðru vísi en svo að það skipti í raun ekki máli hvernig einstakir aðilar standa sig í greininni. Með stofnun þróunarsjóðs er verið að refsa þeim aðilum sem staðið hafa skynsamlega að útgerðarrekstri á undanförunum árum og ekki hafa þegið styrki stjórnvalda í gegnum áður nefnda sjóði.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna,

Sveinn Hj. Hjartarson.

Fylgiskjal II.

Umsögn Sjómannasambands Íslands. (20. apríl 1994.)

Um drög að breytingartillögum við frumvarpið:

1. Sambandsstjórn Sjómannasambands Íslands telur tímabært að allar tegundir skipa sitji við sama borð varðandi stjórn fiskveiða. Því hefði verið eðlilegt að þeir bátar, sem nú hafa krókaleyfi, verði settir á aflamark eins og nógildandi lög gera ráð fyrir. Í þess stað er því miður lagt til að krókaleyfisbátarnir auki enn sinn hlut á kostnað þeirra skipa sem eru á aflamarki. Slíkt getur sambandsstjórn Sjómannasambands Íslands ekki samþykkt. Sambandsstjórnin telur því hvorki breytingartillöguna við frumvarpið né þá tillögu sem fram kemur í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 til bóta. Sambandsstjórnin leggur til að nógildandi lög verði látin gilda óbreytt varðandi krókaleyfisbátana þannig að þeir verði framvegis á aflamarki eins og önnur skip í íslenska flotanum.
2. Sambandsstjórn Sjómannasambands Íslands samþykkir breytingartillöguna um að fyrri málslíður 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins falli niður.
3. Sambandsstjórn Sjómannasambands Íslands gerir ekki athugasemd við þennan lið.
4. Sambandsstjórn Sjómannasambands Íslands fagnar þeirri breytingartillögu að 7. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 skuli felld niður. Engin rök lágu til þess að fiskvinnslustöðvar gætu eignast veiðiheimildir eins og 7. gr. gerði ráð fyrir. Því styður sambandsstjórnin framangreinda breytingartillögu.
5. Sambandsstjórn Sjómannasambands Íslands telur nauðsynlegt að settar séu skorður við því að handhafar veiðiheimilda geti verið að flytja heimildirnar að eigin geðþótta til og frá skipi. Sambandsstjórnin styður því þá breytingartillögu við frumvarp til

laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 sem gerð er tillaga um í 5. lið. Er sú þrenging, sem hér er sett varðandi framsal veiðiheimilda, einn þáttur í því að koma í veg fyrir að sjómenn séu látnir taka þátt í kvótakaupum útgerðarinnar.

6. Sambandsstjórn Sjómannasambands Íslands telur eðlilegt að meginreglan sé sú að það skip, sem fær úthlutað veiðiheimildum úr sameign íslensku þjóðarinnar, veiði sjálft upp í þær heimildir. Þó svo að í breytingartillögunni sé lagt til að þetta hlutfall hækki úr 25% eins og er í gildandi lögum upp í 50% telur sambandsstjórn Sjómannasambandsins of skammt gengið. Sambandsstjórnin leggur til að hlutfallið sem skip þarf að veiða sjálft til að halda veiðiheimildum sínum verði hækkað í 80% af samanlögðu aflamarki í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð.
7. Sambandsstjórn Sjómannasambands Íslands telur sjálfsagt að það hlutfall veiðiheimilda, sem skipi er skylt að veiða, lækki ef því er haldið í lengri tíma til veiða utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Því styður sambandsstjórnin þetta ákvæði.
8. Sambandsstjórn Sjómannasambands Íslands styður þá breytingartillögu sem hér er gerð við frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Ekki er ástæða til að útgerðin greiði sérstakt gjald fyrir hverja tilkynningu um flutning aflamarks umfram tíu.
9. Sambandsstjórn Sjómannasambands Íslands gerir ekki athugasemd við þennan lið, sbr. þó athugasemd varðandi krókaleyfið.
10. Sambandsstjórn Sjómannasambands Íslands gerir ekki athugasemd við þennan lið, sbr. þó athugasemd varðandi krókaleyfið.

Framangreindar athugasemdir við einstaka liði miðast við það frumvarp sem merkt er drög frá 19. apríl 1994. Verði breytingar á frumvarpinu í meðferð sjávarútvegsnefndar Alþingis áskilur sambandsstjórn Sjómannasambandsins sér allan rétt til að breyta afstöðu sinni. Nái breytingartillögurnar fram að ganga og verði tekið tillit til framangreindra athugasemda sambandsstjórnar Sjómannasambands Íslands getur sambandsstjórnin stutt breytingarnar á frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða.

Um sérstakan viðbæti við breytingartillögur við frumvarp til laga um breytingu á fiskveiðistjórnunarlögum:

Sambandsstjórn Sjómannasambands Íslands getur fallist á að heimilt verði að skrá skip sem á að úrelða undir íslenskum fána. Tryggt verður þó að vera að útgerðir skipa, sem þannig eru skráð, geti ekki gert kröfu um veiðiheimildir innan íslenskrar fiskveiðilögsögu þó að afli glæðist að nýju eftir nokkur ár. Alltaf er spurning hversu langt aftur í tímann á að heimila slíka skráningu. Heppilegast er að ákvæðið gildi frá þeim tíma sem lögin öðlast gildi. Sambandsstjórn Sjómannasambands Íslands er alfarið á móti því að heimilt verði að flytja inn gömul skip og skrá þau sérstakri skráningu undir íslenskum fána.

F.h. Sjómannasambands Íslands

Hólmgeir Jónsson.

Fylgiskjal III.

**Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um
drög að breytingartillögum við frumvarpið.
(19. apríl 1994.)**

4. tli. Í 1. mgr. breytist 15% í 5%.
5. tli. 50% breytist í 80%.

Greinargerð:

Í 4. og 5. tli. er lagt til að gengið verði enn lengra við takmörkun á framsali veiðiheimilda en drögin gera ráð fyrir. Með tilliti til þess að skip innan sömu útgerðar sæta ekki takmörkun um hámark á framsali í sérhverri tegund skv. 4. tli. né heldur í jöfnum skiptum milli tegunda í þorskjöldum talið, er hætt við því að 5. tli. verði gagnslaus með kröfu um að fiskiskip veiði ekki nema 50% af aflamarki tvö ár í röð til að halda óskertri aflahlutdeild. Með hliðsjón af þessu er nauðsynlegt að gera framangreindar breytingar til að loka þeim smugum sem fyrir hendi eru til viðskipta með aflamark, þar sem sjómenn yrðu látnir taka þátt í kostnaðinum.

Viðbótartillaga við drög 13.04.1994:

Við 3. gr. 3. mgr. (ný mgr.) verði svohljóðandi:

Ef útlit er fyrir að ekki takist að veiða leyfðan heildarafla tiltekinnar tegunda að mati Fiskistofu, þegar 8 mánuðir eru liðnir af fiskveiðiárinu, skal ráðherra afnema aflamark þeirra tegunda fyrir það tímabil, sem er eftir af fiskveiðiárinu. Ráðherra er heimilt að stöðva veiðar, þegar leyfðum heildarafla tiltekinnar tegundar er náð.

Athugasemd:

Hér er lagt til að bætt sé við nýrri málsgrein við lögin, sem kveði á um að ráðherra sé skylt af afnema aflamark þeirra fisktegunda, sem útlit er fyrir að ekki takist að veiða leyfðan hámarksafla að mati Fiskistofu, þegar 8 mánuðir eru liðnir af fiskveiðiárinu. Þetta ákvæði er nauðsynlegt til að tryggja sem næst að leyfður hámarksafli veiðist innan fiskveiðiársins. Slíkt ákvæði sem hér um ræðir verður enn nauðsynlegra en fyrr, þar sem jafnframt er lagt til að heimild fyrir framsal aflamarks og aflahlutdeildar fiskiskipa verði takamarkaðar að verulegu leyti eins og drögin gera ráð fyrir og framangreindar tillögur FFSÍ.

Til að fyrirbyggja að ekki sé farið fram úr leyfðum hámarksafla, er ráðherra veitt heimild til að stöðva veiðar þeirrar tegundar, sem um er að ræða.

Við núverandi aðstæður er nauðsynlegt að leyfa meðafla af þorski utan aflamarks, svo halda megi út við fiskveiðar á öðrum tegundum það sem eftir lifir af yfirstandandi fiskveiðiári.

Fskj.

Ályktun samninganefndar fiskimanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, FFSÍ.

(12. apríl 1994.)

Samninganefnd FFSÍ beinir því til fiskimannafélaga innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands að þau afli heimilda til boðunar vinnustöðvunar nú þegar.

Samninganefnd FFSÍ hvarmar afgreiðslu meiri hluta Alþingis með staðfestingu sinni á bráðabirgðalögum til að stöðva verkfall sjómanna. Þessi afgreiðsla Alþingis er sérstaklega alvarleg í því ljósi að engin úrlausn gagnvart kvótabraskinu fólst í afgreiðslunni. En eins og flestir minnst frá setningu bráðabirgðalaganna lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún mundi beita sér fyrir lausn mála sem snertu sjómenn gagnvart kvótabraskinu. Staðfesting bráðabirgðalaganna og tómlæti ríkisstjórnarinnar gagnvart vanda sjómanna hleypir auknu lífi í kvótabraskið og stílar upp á enn harðari átök í næstu framtíð.

Við núverandi aðstæður eiga sjómenn í miklum vandræðum með að stunda eðlilegar veiðar vegna þess að þorskur er ekki leyfður sem meðafli. Ljóst er að kvótabraskið mun verða til staðar og færast í auknum mæli yfir í þær tegundir sem ekki hafa veiðst upp á undanförunum árum.

Til þess að vinna bug á kvótabraskinu til bráðabirgða og koma aftur á eðlilegri umgengni um miðin skorar samninganefnd FFSÍ á Alþingi að afnema aflamark á þeim tegundum sem ekki þurfa vegna verndunarsjónarmiða að vera inni í kvótakerfinu. Eins og ástand er nú á karfa, grálúðu og þorski telur samninganefnd FFSÍ að ekki sé hægt að afnema kvótaskiptingu á áður nefndum tegundum en bendir jafnframt á að nauðsynlegt sé að leita leiða hvernig farið verði með meðafli utan aflamarks svo að tryggt sé að veiðar megi stunda með eðlilegu móti og tryggja atvinnu úr þeim afla sem veiddur er sem meðafli við fiskveiðar annarra tegunda.

Samninganefndin beinir þeirri eindregnu áskorun til sjávarútvegsnefndar Alþingis sem nú hefur þessi mál til meðferðar að leitast við að einfalda núverandi stjórnkerfi og fækka um leið þeim möguleikum sem eru til staðar með sölu á óveiddum afla úr sjó. Kveða þarf skýrt á um að öll þátttaka sjómanna í þessum viðskiptum sé bönnuð, enda mundi það strax lækka verð á aflakvótum. Jafnframt þarf að gera það að skilyrði að hvert fiskiskip veiði eigi minna en 80% af sínum aflaheimildum ella falli þær niður og sé eingöngu úthlutað til þeirra skipa sem veiða sjálf upp sínar aflaheimildir.

Fylgiskjal IV.

Umsögn Vélstjórafélags Íslands.

(20. apríl 1994.)

Um drög að breytingartillögum við frumvarpið:

1. Félagið er alfarið á móti breytingum á þessu ákvæði frá gildandi lögum og vísar í því sambandi til eftirfarandi samþykktar stjórnarfundar frá 29. mars s.l.

Um aflahlut smábáta.

Á fyrsta ári kvótakerfisins 1984, var heildarþorskaflinn tæp 281.500 tonn. Hlutur báta undir 10 brl (smábáta), sem þá voru um 1130 talsins, var á því ári tæp 16000 tonn (var áætlaður 8300 tonn) eða um 5,6% af heildarþorskaflanum.

Á fiskveiðiárinu 1992/1993, var heildarþorskaflinn um 236000 tonn og hlutur smábáta rúm 39500 tonn eða um 16,8% af heildarþorskaflanum og hefur því aukist

sem hlutfall af heildarþorskveiðinni, frá árinu 1984 um 300%. Á sama tíma hefur smábátum sem stunda fiskveiðar fjölgað í um 1600 eða um 42%.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um stjórnun fiskveiða, sem gerir ráð fyrir því að hlutur smábáta verði á yfirstandandi fiskveiðiári um 20% af heildarþorskveiðinni og hafi þá aukist um tæp 360% frá upphafi kvótakerfisins.

Stjórn VSFÍ bendir á að kvótakerfið byggir á því að allir sem stunda fiskveiðar í íslenskri lögsögu sitji við sama bord, búi við aflareynslu viðmiðunaráranna sem úthlutunargrunn. Verði nefnt frumvarp að lögum, er verið að ganga freklega á hlut þeirra sem stunda sjó á skipum sem fiska samkvæmt úthlutuðu aflamarki, rýra hlut þeirra um a.m.k. 10%, en það eru öll fiskiskip 6 brl og stærri.

Í sama frumvarpi er gert ráð fyrir því að heimilt verði að skrá veiðirétt á fiskvinnslustöð. Þessu ákvæði mótmælir stjórn VSFÍ harðlega, þar sem það mun, verði það að lögum, auka enn á það misrétti sem fylgt hefur sölu á veiðirétti.

2. Höfum ekki athugasemdir.

3. Vísam til lokaorða í framangreindri samþykkt frá 29. mars s.l. um aflahlut smábáta.

4., 5., og 6. Þau efnisákvæði sem koma fram undir framantöldum tölulíðum eru öll sett fram til þess að koma í veg fyrir að kaup á aflarétti hafi áhrif á kjör sjómanna. Til þess að tryggja hagsmuni sjómanna sem best þarf alltaf að liggja ljóst fyrir við ráðningu við hvernig fundið fiskverð skuli miða þegar aflahlutur er gerður upp. Sömuleiðis þarf að liggja ljóst fyrir við ráðningu úr hve miklum veiðirétti viðkomandi skip hefur úr að spila á ráðningartímanum. Vélstjórafélag Íslands er þeirrar skoðunar að viðskipti með aflaheimildir milli skipa eigi að vera sem frjálsastar. Það muni leiða til mestrar hagkvæmni í greininni og þegar tímar líða skila sjómönnum mestum tekjum. Þrátt fyrir þessa almennu skoðun styður félagið efnislega þau atriði sem sett eru fram undir áður nefndum tölulíðum, þar sem að útvegsmonnum er ekki treystandi fyrir því frelsi sem æskilegast væri að ríkti í greininni.

7. Eðlileg breyting.

8. Höfum ekki athugasemdir.

9. Höfum ekki athugasemdir.

Um sérstakan viðbæti við breytingartillögur við frumvarp til laga um breytingu á fiskveiðistjórnunarlögunum:

Vélstjórafélag Íslands telur óeðlilegt að aldur skipa hafi áhrif á innflutning þeirra til landsins. Í því sambandi bendir félagið á að skráður aldur skipa segir oft mjög lítið til um ástand þeirra og vísar til íslenskra skipa sem mörg hver eru komin til ára sinna m.v. skipaskrá en hafa verið endurbyggð í samræmi við kröfur nútímans. Þó verður að tryggja að þau skip sem flutt eru til landsins án veiðiheimildar í íslenskri lögsögu öðlist ekki veiðiheimildir þar eftir krókaleiðum.

Virðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands,

Helgi Laxdal.

Fylgiskjal V.**Umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva.
(10. febrúar 1994.)**

Meginatriði frumvarpsins og athugasemdir stjórnar Samtaka fiskvinnslustöðva við þau eru eftirfarandi:

Um 1. grein.

Reglum um endurnýjun fiskiskipa verði breytt:

- *Heimilt verði að hafa skip, sem veiðileyfi hefur verið flutt af, á skipaskrá.*
- *Heimilt verði að veita tveimur eða fleiri skipum veiðileyfi í stað eins.*

Tillögumar eru samþykktar.

Um 2. grein og ákvæði til bráðabirgða.

Útgerðum krókaleyfisbáta verði heimilt að velja annað hvort:

- *Veiðileyfi með aflahlutdeild.*
- *Krókaleyfi með fleiri banndögum.*

Tillögunum er hafnað. Stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva tekur undir sjónarmið Nefndar um mótun sjávarútvegsstefnu hvað þetta varðar og mælir með að öllum krókaleyfisbátum verði úthlutað veiðileyfi með aflahlutdeild í samræmi við hlutdeild þeirra í veiðum krókaleyfisbáta á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1993 þannig að heildaraflamark reiknuð fyrir alla krókaleyfisbáta nemi samtals 11 þúsund þorskígildistonnunum. Aflahlutdeild þessarar báta verði framseljanleg.

Um 3. grein.

Um frádrátt á aflaheimildum áður en heildarafla er skipt niður á grundvelli aflahlutdeildar.

Tillögunni er hafnað. Greinin falli niður. Heildarafla verði öllum skipt niður eftir aflahlutdeild, enda verði allir sem veiðiheimildir hafa, þ.mt. þeir sem stundað hafa krókaleyfis- eða línuveiðar, með aflahlutdeild.

Um 4. grein

Heimilt verði að verja 12 þús. þorskígildislestum til að jafna skerðingu milli ára.

Tillögunni er hafnað. Greinin falli niður.

Um 5. grein.

Flutningur aflaheimilda milli fiskveiðidára verði mest 10% í stað 20%.

Tillögunni er hafnað.

Um 6. grein.

Linutvöföldun miðist við 34 þús. tonn af þorski og ýsu.

Tillögunni er hafnað. Mælt er með að þeim bátum sem stundað hafa línuveiðar verði úthlutað aflahlutdeild í hlutfalli við veiðireynslu þeirra og að aflahlutdeild þeirra verði framseljanleg.

Um 7. grein.

Heimilt verði að framselja aflahlutdeild skips yfir á fiskvinnslustöð.

Stjórn SF styður þessa breytingu og telur hana jákvæða fyrir fiskvinnsluna í landinu. Eftirfarandi breytingar eru þó lagðar til :

Takmarkanir á tegundum verði felldar burtu.

Magntakmarkanir miðist við eðlilega vinnslugetu fiskvinnslustöðvarinnar.

Framsäl á aflamarki verði heimilt bæði til fiskvinnslustöðva sem hafa vinnsluleyfi og skipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, enda hafi það skip sem aflamark er flutt til aflahlutdeild í viðkomandi tegund.

Um 8. grein.

Ekki verði heimilt að flytja aflamark til skips umfram veiðigetu þess.

Tillögunni er hafnað.

Um 9. og 10. grein.

Veiði fiskiskip minna en 25% af samanlögðu aflamarki sínu talið í þorskígildum tvö fiskveiðiar í röð fellur veiðiheimild þess og aflahlutdeild niður.

Tillögunni er hafnað eins og hún er orðuð. Í staðinn komi svohljóðandi orðalag í 9. grein: "Veiði fiskiskip minna en 25% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið í tvö ár í röð án þess að því hafi verið haldið til veiða í eðlilegan úthaldstíma á tímabilinu fellur veiðiheimild þess og aflahlutdeild niður."

Um 13. grein

Lagt verði 10 þús. kr. gjald á hvern tilflutning aflamarks umfram tlu.

Tillögunni er hafnað.

Ákvæði til bráðbirgða.

Tillögunum er hafnað. Ákvæðin eru óþörf með tilliti til þess sem fram hefur komið hér að framan.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva,

Ágúst H. Elíasson.

Fskj.

Fréttatilkynning Samtaka fiskvinnslustöðva.

(19. apríl 1994.)

Samtök fiskvinnslustöðva sendu fjölmiðlum eftirfarandi fréttatilkynningu í gær:

"Samtök fiskvinnslustöðva mótmæla harðlega áformum meirihluta sjávarútvegsnefndar Alþingis um að falla frá þeirri hugmynd að heimilt verði að framselja aflahlutdeild til fiskvinnslufyrirtækja.

Samtök fiskvinnslustöðva líta svo á að frumvarp ríkisstjórnarinnar sem sjávarútvegsráðherra hefur lagt fyrir Alþingi um að heimila framsal aflahlutdeilda til fiskvinnslufyrirtækja hafi verið jákvæð aðgerð til að ná sátt um þá sjávarútvegsstefnu sem fram kom í tillögum tvíhöfðanefndar á sínum tíma.

Aflaheimildir til fiskvinnslufyrirtækja hafa ekkert með kjarasamninga um skiptingu fiskverðs milli útgerða og sjómanna að gera og fiskvinnslan mótmælir harðlega að fiskvinnslukvótanum verði fórnað á Alþingi til lausnar þeirri deilu.

Markmiðið með því að heimila framsal aflahlutdeilda til fiskvinnslufyrirtækja er að stuðla að aukinni hagræðingu í sjávarútvegi og auknu frelsi í viðskiptum með aflaheimildir. Frá byggðasjónarmiðum er mikilvægt að framsal til fiskvinnslufyrirtækja sé heimilt þar sem það tryggir betur að aflaheimildir í viðkomandi byggðarlagi komi þar til vinnslu og tryggi frekar atvinnu fólks og starfsemi fyrirtækja á staðnum.

Samtök fiskvinnslustöðva undrast að ríkisstjórnarflokkarnir ætli að falla frá boðaðri stefnu í sjávarútvegsmálum sem birtist í tillögum tvíhöfðanefndar og skuli að auki taka undir hugmyndir um að takmarka framsalsrétt á aflaheimildum, en sá réttur er mikilvæg undirstaða þess að áframhald verði á hagræðingu jafnt veiða og vinnslu."

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva,

Agúst H. Eliasson.

Fylgiskjal VI.**Greinargerð Atvinnumanna, samstarfshóps um hagkvæma stjórn fiskveiða,
örugga atvinnu og aukna verðmætasköpun til sjós og lands.**

(25. apríl 1994.)

Rekstraraðilar í útgerð og fiskvinnslu hafa tekið höndum saman um andóf gegn fyrirbyggjandi frumvörpum um sjávarútvegsmál sem um þessar mundir eru til afgreiðslu á Alþingi. Forystumenn Verkamannasambands Íslands hafa tekið undir meginatriði þeirra athugasemda sem að undanfögnu hafa verið kynntar einstökum þingmönnum, ráðherrum, sjávarútvegsnefnd Alþingis og forystumönnum í sjávarútvegi og öðru íslensku atvinnulífi.

Það eru einkum þrjú atriði sem verulegar athugasemdir eru gerðar við og eru þau tíunduð í meðfylgjandi greinargerð sem vonast er til að þingmenn gefi sér tíma til að kynna sér vandlega.

Í fyrsta lagi er varað við umtalsverðu verðmætatapi og óhagræðingu vegna heftingar á frjálsum viðskiptum með veiðiheimildir, sem í senn getur leitt til minnkandi úthafssóknar, aukinnar sjófrystingar og útflutnings óunnins afla, aukinna fjárfestinga og stóraukins atvinnuleysis í landi.

Í öðru lagi er bent á stórkostlega vaxandi hlutdeild smábáta í heildarafla landsmanna og varað við ýmsum hættum og vanköntum sem því eru samfara.

Í þriðja lagi er bent á það ranglæti sem felst í hinu svokallaða auðlindagjaldi, sem í raun er sérstakur landsbyggðarskattur sem lagður er á áður en verðmæti myndast og að auki á sama tíma og svigrúm til nauðsynlegrar hagræðingar er stórlega skert.

Virðingarfyllst,
f.h. „Atvinnumanna“,

Einar Svansson, frkvstj. Fiskiðjunnar Skagfirðings hf.,
stjform. Hraðfrystihúss Grundarfjarðar hf.

**Ábendingar vegna fyrirhugaðrar afgreiðslu
frumvarpa um sjávarútvegsmál.**

Eftirfarandi greinargerð rekur í stuttu og einföldu máli helstu vankanta sem við undirrituð, eins og reyndar hundruðir viðmælenda okkar í íslenskum sjávarútvegi, sjáum á fyrirhuguðum frumvörpum til laga um sjávarútvegsmál. Í samræðum okkar við fulltrúa og forystumenn úr öðrum þáttum atvinnulífsins, bæði atvinnurekendur og forsvarsmenn launafólks, hafa fjölmargar efasemdir litið dagsins ljós. Það er von okkar að við lestur þessara atriða sannfærist ráðamenn þjóðarinnar um að pottur er víða brotinn í þeim tillögum sem nú liggja fyrir. Það er afar brýnt að alvarlegustu agnámir verði nú þegar sniðnir af og við lýsum okkur reiðubúin til hvers kyns samstarfs og ráðlegginga sé þess óskað.

Adolf Guðmundsson,

frkvstj. Gullbergs hf., stjórnarform. Fiskiðjunnar Dvergasteins, Seyðisfirði.

Arnar Sigurmundsson,

form. Samtaka fiskvinnslustöðva.

Einar Svansson,

frkvstj. Fiskiðjunnar Skagfirðings hf, stjform. Hraðfrystihúss Grundarfjarðar hf.

Eiríkur Ólafsson,

útgstj. Kaupfélags Fáskrúðsfirðinga, form. útvegsmannafélags Austfjarða, í stjórn L.Í.Ú.

Eiríkur Tómasson,

frkvstj. Þorbjörns hf, Grindavík, stjórnarformaður Aflamiðlunar, í stjórn L.Í.Ú.

Gunnar Ragnars,

frkvstj. Útgerðarfélag Akureyringa hf, í stjórn S.H.

Halldór Árnason,

frkvstj. Borgeyjar, Hornafirði.

Halldóra B. Jónsdóttir,

frkvstj. Garðeyjar, Höfn, form. Útvegsmannafélags Hornafjarðar.

Róbert Guðfinnsson,

frkvstj. Þormóðs Ramma hf, Siglufirði.

Sighvatur Bjarnason,

frkvstj. Vinnslustöðvarinnar hf, Vestmannacyjum, stjórnarformaður S.Í.F.

Sverrir Leósson,

útgstj. Súlnnar hf, Akureyri, form. útvegsmannafélags Norðurlands, í stjórn L.Í.Ú.

1. HEFTING Á VIÐSKIPTUM

Hefting á viðskiptum með veiðiheimildir býður verulegri hættu heim. Helstu vankantar sem nauðsynlegt er að öllum, og þá ekki síst þingmönnum, séu ljósir áður en Alþingi lýkur störfum eru þessir:

Skertir möguleikar

á sjálfsagðri hagræðingu.

Eðlilegar kvótafærslur til að mæta breyttum aðstæðum eru takmarkaðar og mikillar varúðar þarf að gæta við alla ákvarðanatöku. Í raun má segja að röng ákvörðun þýði tapað veiðileyfi. Í stað eðlilegrar hvatningar og umbunar fyrir hagræðingu skerðir "einstefnuákvæðið" verulega möguleikana á því að á hverjum stað eða á hverju skipi séu stundaðar þær veiðar sem mestum verðmætum skila. Virtustu fiskihagfræðingar landsins eru sammála um að minna framsal á veiðiheimildum hafi í för með sér minni verðmæti úr sjó.

Mismunun stærri og smærri aðila í útgerð.

Með takmörkun á veiðiskiptum með veiðiheimildir er útgerðaraðilum mismunað verulega. Heimildir til þess að færa veiðiheimildir á milli báta og skipa innan sömu útgerðar gerir stærri aðilum kleift að hagræða langt umfram það sem "einyrkjum" býðst að gera.

Samráðsnefnd.

Ef túlkun sjómannaforystunnar á orðum sjávarútvegsráðherra um vinnutilhögun samráðsnefndar sjómanna og útgerðarmanna er rétt myndi útgerðarmaður vertíðarbáts þurfa að hækka launagreiðslur til sinna sjómanna í "tonn á móti tonni" viðskiptum um 25%. Ef framlegð þessa báts hefði verið 10% áður yrði hún mínus 4% eftir þessar greiðslur. Allir sem vilja sjá að þessi viðskipti yrðu úr sögunni ef fiskverðið yrði hækkað á þennan hátt.

Stórminnkuð úthafssókn.

Forsenda úthafsveiða er frjálst framsal og veiði annarra báta á eigin kvóta. Ef túlkun nokkurra forystumanna sjómanna á "tonn á móti tonni" viðskiptum er rétt þá þurrkar það út megnið af úthafsveiðum Íslendinga og dregur um leið verulega úr verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi. Að óbreyttu munu úthafsveiðarnar skila um 5 milljörðum til landsframleiðslu á þessu ári. Þessi verðmæti megum við síst við að missa um þessar mundir.

Aukin sjófrysting.

Í sjófrystingu vinna skipin aflann um borð og þurfa minna að færa kvóta en aðrir. Nýja kerfið hvetur þannig til sjófrystingar sem einnig er næstbesti kosturinn fyrir marga ef úthafsveiðin þurrkast út. Eftir stendur landverkafólkið með skerta atvinnu og þjóðarbúið í heild sinni með verulega skert verðmæti fyrir sjávarafla sinn.

Aukinn útflutningur á óunnum fiski.

"Tonn á móti tonni" viðskiptin eru beittasta vopnið gegn gámaútflutningi á óunnum fiski og íslensku fiskmarkaðirnir hafa notfært sér þessa leið til þess að halda fiski inni í landinu. Vertíðarbátarnir sem að undanförmu hafa veitt fyrir aðra voru flestir áður í gámaútflutningi, sem verður vænlegur kostur að nýju nái nýju reglurnar að verða að lögum.

Gjaldþrot bátaútgerðarinnar.

Fyrir vertíðarbátana eru viðskipti þar sem einn útgerðarmaður veiðir kvóta annars afar mikilvæg. Nái löginn sem nú liggja fyrir fram að ganga blasir

gjaldþrot margra bátaútgerða við. Stóru fyrirtækin stækka þá enn frekar og stórhættulegt gat á milli "dverga og rísa" myndast í íslenska útgerðarflotann.

Hægari úrelding.

50% veiðiskyldan kemur í veg fyrir minnkun skipastólsins. Sú regla að skip megi ekki taka til sín kvóta umfram veiðigetu kemur í veg fyrir eðlilega fækkun þeirra. Um leið hægist verulega á nauðsynlegri hagræðingu með bættri nýtingu skipastólsins.

Auknar fjárfestingar.

Með skertum heimildum til hagræðingar er útgerðin víða um land þvinguð til fjárfestinga í frystiskipum. Hvatning til hagræðingar með fækkun skipa hefur þannig breyst í andhverfu sína. Nýju reglurnar koma verst við þá sem mest hafa hagrætt. Þeim sem hafa selt skip og eiga umframkvóta er refsað.

Verðmætatap.

Minni úthafsveiðar, aukin sjófrysting, minni atvinna í landi, meiri útflutningur á óunnum afla, aukin fjárfesting í fiskiskipum, kostnaður samfélagsins vegna atvinnuleysis, óstöðugleiki gagnvart atvinnu og viðskiptasamböndum, gjaldþrot bátaútgerðar o.m.fl. veldur augljósu verðmætatapi. Engum dylst að hefting á framsali hefur í för með sér meiri kostnað og minni verðmæti fyrir alla aðila.

Aukið atvinnuleysi.

Um leið og verðmæti sjávarafla minnkar eykst atvinnuleysi í landinu. Aukist sjófrysting missir landverkafólk atvinnuna. Aukinn útflutningur á

óunnum fiski hefur sömu afleiðingar. Minni úthafsveiði fækkar störfum sjómanna verulega. Samkvæmt lauslegum útreikningum má gera ráð fyrir að fyrir hverja 5 milljarða sem verðmætasköpun í sjávarútvegi minnkar um tapi 1.500 manns í greininni vinnu sinni og um 5.000 manns í landinu öllu.

Fiskvinnslukvóti.

Fiskvinnslukvóti er ekki leyfður samkvæmt þessum tillögum. Ákvæði um að skip megi ekki taka til sín kvóta umfram veiðigetu er þrengt mjög verulega. Þetta ákvæði hefur í raun verið frjálst túlkað fram að þessu og hefur virkað sem óbeinn fiskvinnslukvóti. Þessar breytingar saman munu þrengja allverulega að fiskvinnslufyrirtækjum sem hafa fækkað skipum eða selt skip.

2. AUKINN HLUTUR SMÁBÁTA

Verði nýju reglurnar að veruleika er ljóst að hlutur smábáta í leyfilegum afla landsmanna hefur aukist verulega á kostnað stærri báta og skipa. Um leið breytist landslag í íslenskum sjávarútvegi með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Tvöföldun - þreföldun - fimmföldun - sjöföldun.

Fjöldi smábáta hefur á nokkrum árum tvöfaldast, afli þeirra þrefaldast og hlutdeild þeirra af heildarafla landsmanna fimmfaldast! Sé einungis litið á þorskinn höfðu smábátar á viðmiðunarárunum 1980-1983 3.3% af heildarþorskafla landsmanna. Samkvæmt fyrirliggjandi reglum eiga þeir að hafa 21.6% (m.v. 155 þús. tonna heimild) af heildaraflanum sem er í raun sjöföldun á aflahlutdeild í þorski!

Úr 4 þúsund í 20 þúsund.

Á sama tíma og aflaheimildir skipanna verða stórskertar mun leyfilegur afli smábáta og þá einkum krókaleyfisbáta skv. fyrirbyggjandi hugmyndum vaxa á þremur árum úr 4 þúsund lestum í 20 þúsund lestir - eða í fimmfalt meira magn en í upphafi kvótakerfisins var ráðgert - á sama tíma og aflaheimildir annarra yrðu skornar niður um tugi prósentu. Í tillögunum er gert ráð fyrir 50% meira magni til þeirra en tvíhöfðanefndin gerði ráð fyrir - og þótti hún þó býsna rausnarleg!

Óstöðugleiki.

Úthald smærri bátanna er háð veðri og gæftum. Stóraukinn hlutur þeirra dregur úr stöðugleika í hráefni til vinnslu, atvinna í landi verður stopullí og viðskiptasamböndum er stefnt í hættu. Einnig er öll áætlanagerð erfiðari og hættulegri með nýju reglunum og minni sveigjanleiki kerfisins eykur enn frekar á óstöðugleika.

Augljós hættumerki.

Þegar hugsanlegt verðmætatap v/ aflameðferðar, aukin hætta á smáfiskadrápi o.fl. bætist við hættuna af gæftaleysi eru vankantar smábátaútgerðar með þeim hætti að það hlýtur að teljast skref aftur á bak að færa þeim stöðugt vaxandi hlut í heildaraflamagni.

Úr 4 togurum í 40.

Krókabátar veiða á þessu ári jafn mikinn þorsk og 40 togarar landsmanna gera, en togaraflotinn í allt telur 100 skip. Árið 1989 veiddu krókabátar 4 togarakvóta. Hér er nauðsynlegt að snúa blaðinu við.

3. "ÖFUGPRÓUNARSJÓÐUR".

Tillögurnar um þróunarsjóð, eða "auðlindaskatt" ber þess merki að ráðamenn eru svartsýnir á afkomu sjávarútvegsins. Þeir virðast ekki treysta sér til þess að hafa af honum eðlilegar tekjur nema með sérsköttun - sem auðvitað veikir afkomuna enn frekar. Þannig er "þróunarsjóður" öfugmæli - tilkoma hans hamlar gegn nauðsynlegri þróun í sjávarútvegi.

Hríðversnandi samkeppnisstaða.

Íslenskur sjávarútvegur er í beinni samkeppni við ríkisstyrktan erlendan sjávarútveg. Samkeppnisstaða íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja er erfið í dag en versnar auðvitað stórkostlega ef skattlagning eykst til viðbótar við margþætta skerðingu á hagræðingarmöguleikum.

Landsbyggðarskattur.

Hugmyndir um þróunarsjóð eru í raun tillögur um landsbyggðarskatt sem um leið er aðför að byggðastefnu í landinu. Langstærsti hluti sjávarútvegsins er rekinn á landsbyggðinni og tillögurnar rýra því sérstaklega kjör einstaklinga og fyrirtækja utan höfuðborgarsvæðisins.

Eðlileg skattheimta er sjálfsögð.

Sjávarútvegurinn á að greiða skatta í takt við afkomu sína eins og önnur atvinnustarfsemi í landinu. Hvatning og svigrúm til hagræðingar og útsjónarsemi, sjálfsögð tengsl við atvinnuuppbyggingu á hverjum stað o.s.frv. er forsenda þess að sjávarútvegurinn blómstri og geti skilað þjóðarbúinu eðlilegum skatti af tekjum sínum.

Tekjuskattur er einfaldasta leiðin.

Tekjuskattur - af verðmætum sem búið er að skapa - er heilbrigð og sjálfsögð leið til skattheimtu. Skatthlutfallinu stýra stjórnvöld þannig að sjávarútvegurinn skili eðlilegum verðmætum og þóknun fyrir afnot sín af sameiginlegri auðlind allra landsmanna.

Minni atvinna í landi.

Auðlindaskattur á útgerðina léttir af henni siðfræðilegum skyldum til að skapa vinnu í landi og þvingar hana til þess að leita allra leiða til þess að auka eigin verðmæti til þess að standa undir skattinum. Krafa um háþyrskun eigin tekna kallar á aukna sjófrystingu og útflutning óunnins afla. Um leið minnkar atvinnan í landi og verðmæti sjávarútvegs til þjóðarbúsins skerðast verulega.

4. DÆMI UM AFLEIÐINGAR.

Verði sjávarútvegsfrumvörpin óbreytt að lögum má endalaust telja dæmi um alvarlegar afleiðingar fyrir útgerð, fiskvinnslu og þjóðarbúið í heild sinni. Eftirgreint eru nokkur atriði sem borðleggjandi er að verði að veruleika.

Óhagræði.

Útgerð humarbáts í eigu vinnslu í Hornafirði leigir öðrum aðila 140 tn af þorskvóta sínum sem upphaflega er 200 tn og skilur þannig eftir 60 tn sem alltaf hafa dugað sem aukaafli á humarveiðunum. Ef þorskur sem fylgir með humrinum yrði óvænt meiri en í eðlilegu ári þá gæti þessi bátur ekki leigt sér þorskvóta til að brúa bilið. Hann yrði að hætta veiðum á miðri humarvertíð. Ef hann hefði líka í upphafi vertíðar leigt sér 2 tn af humarkvóta til að geta veitt 12 tn í stað 10 þá gæti hann ekki lengur fært afganginn af humarkvótanum út af bátinum og hann brynni þar með inni.

Stórminnkuð úthafssókn.

Hraðfrystistöð Þórshafnar hefur verið frumkvöðull í úthafsveiðum hér á landi. Hún hefur látið togarann Stakfell veiða utan 200 mílna með góðum árangri. Sá þorskkvóti sem Stakfellið veiddi sjálfst áður er nú veiddur af bátum af svæðinu í "tonn á móti tonni" viðskiptum. Ef nýju reglurnar myndu gilda og túlkun nokkurra forystumanna sjómanna á þeim þá kippti það grundvellingnum undan úthafsveiðum Stakfellsins. Bátarnir sem hafa veitt þorskkvóta Stakfellsins teldu sér ekki lengur hag í viðskiptunum. Stakfellið myndi því snúa sér að sjófrystingu innan 200 mílna. Sá fiskur sem bátarnir hafa veitt hefur komið til vinnslu í frystihúsi H.Þ. og aukið þar atvinnu verulega. Vinnan við þennan þorsk færðist út á sjó. Tekjur Hraðfrystistöðvar Þórshafnar myndu minnka um 100-200 milljónir.

Hægari úrelding.

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum hefur fækkað skipum úr 10 í 6 á stuttum tíma og við það hefur hagkvæmni útgerðarinnar aukist verulega. Vinnslustöðin er farin að hagnast á útgerð sem ekki var áður með 10 skipum. Þessi mikla fækkun skipa hefur byggst á núverandi reglum kvótakerfisins sem fyrirtækið hefur nýtt sér til fullnustu. Mikill kvóti er á þeim skipum sem eftir eru, meiri kvóti en þessi skip geta veitt. Afganginn af kvótanum hafa önnur skip á svæðinu veitt, vinnsla í landi hjá fyrirtækinu hefur aukist og stöðugleiki komist á. Fyrirliggjandi tillögur til breytinga á kvótakerfinu myndu kollvarpa þessum endurbótum. 50% veiðiskylda hamlar mjög þessari hagkvæmu aðgerð Vinnslustöðvarinnar. Sú regla að skip megi ekki flytja til sín kvóta umfram veiðigetu er andstæð þessari aðferð. Sú ákvörðun að leyfa ekki fiskvinnslukvóta er líka andstæð fyrirtækinu. Þær afleiðingar sem Vinnslustöðin sér fram á er aukin fjárfesting í skipum og aukin sjófrysting sem mun leiða til minnkandi vinnu í landvinnslunni.

Gjaldþrot bátaútgerðarinnar.

Valdimar Sveinsson VE hefur verið einn af aflahæstu vertíðarbátunum síðustu ár. Það byggist á "tonn á móti tonni" viðskiptum við Fiskiðjuna á Sauðárkróki en Valdimar hefur veitt sinn kvóta ásamt kvóta frá Fiskiðjunni og þannig getað haft úthald allt árið og viðunandi afkomu. Þorskkvóti Valdimars árið 1988 var um 500 tonn en er nú 164 tonn og verður um 150 tonn í haust.

Óstöðugleiki.

Fiskiðjan á Sauðárkróki hefur fækkað úr 3 frystihúsum í 2 á síðustu árum. Á sama tíma hefur landvinnsla fyrirtækisins aukist verulega eða

úr 4000 tonnum af hráefni í 10000 tonn á síðasta ári. Þessi aukning um leið og frystihúsum hefur fækkað byggist á miklum viðskiptum við báta sem fiska þorsk og ufsakvóta fyrirtækisins. Einnig hefur fyrirtækið verið brautryðjandi í vaktavinnu og unnið hefur verið á tveim 8 tíma vöktum í frystihúsinu á Sauðárkróki síðustu 14 mánuði. Ef tillögurnar um breytingar á kvótakerfinu ná í gegn eyðileggur það þetta uppbyggingarstarf. Fyrirtækið þarf að stokka spilin upp á nýtt. Líklegast er að ef ekki verður hægt að láta veiða fyrir sig kvótann á hagkvæman hátt muni vinnsla í landi dragast verulega saman. Leggja yrði niður aðra vaktina á Sauðárkróki eða loka frystihúsinu á Hofsósi sem yrði reiðarslag fyrir það byggðarlag þar sem Fiskiðjan er stærsti vinnuveitandinn. Í kjölfarið fylgdi sjófrysting sem fyrirtækið hefur ekki stundað áður. Gera má ráð fyrir að um 100 manns missti vinnu í landi við þessar breytingar.

Grundvelli kippt undan endurskipulagningu.

Borgey hf á Höfn er nýlega búin að endurskipuleggja rekstur sinn og fjárhag. Þáttur í því var sala skipa og kvóta. Skipum hefur verið fækkað úr fjórum í eitt. Fyrirtækið á nú kvóta töluvert umfram veiðigetu skipsins. Samstarf hefur náðst við bátaútgerð á Höfn um að veiða þennan kvóta. Með fyrirhuguðum lagabreytingum er forsendum kippt undan þessum ákvörðunum. Afleiðingin er tap fyrir Borgey hf, verkafólk í landi, bátaútgerðina, en ekki síst fyrir sjómenn. Ákvarðanir Borgeyjar voru teknar á haustmánuðum út frá gildandi lögum um fiskveiðistjórnun og þeim hugmyndum sem uppi voru um breytingar á þeim. Með því að kippa þannig grundvellingum undan hagræðingaraðgerðum fyrirtækisins bregðast stjórnvöld þeirri skyldu sinni að skapa almenn skilyrði rekstrar og festu í þjóðfélaginu.

Aukinn útflutningur á óunnum fiski.

Valdimar Sveinsson VE sem nú er í föstum viðskiptum við Fiskiðjuna á Sauðárkróki stundaði áður gámaútflutning. Fiskur sem áður var unnin af erlendu verkafólki er því nú unnin af starfsfólki Fiskiðjunnar. Ef reglurnar breytast mun Valdimar Sveinsson aftur hefja gámaútflutning því það yrði eini valkosturinn þar sem hann ætti möguleika á að lifa en það yrði samt tvísýnt.

Aukið atvinnuleysi.

Á Tálknafirði hafa menn selt togarann nýlega og haldið eftir hálfum kvótanum. Meiningin var sú að láta skip á svæðinu veiða þennan kvóta og fá jafnframt kvóta á móti þannig að vinnslan í landi hefði orðið svipuð í magni. Kvótann átti að geyma á frystihúsinu ef fiskvinnslukvótinn hefði orðið að lögum eða á heimabátum. Tillögur alþingis leyfa ekki þessar aðferðir og að óbreyttu blasir við hrun á Tálknafirði. Aðrir staðir þar sem skipum hefur fækkað og ætlað að feta svipaðar brautir og

Tálknfirðingar eru t.d. Bíldudalur, Flateyri, Grenivík, Vestmannaeyjar, Seyðisfjörður, Hornafjörður, Þorlákshöfn, Akranes.

Verðmætatap.

Mjög góður árangur hefur náðst á síldar og loðnuveiðum upp á síðkastið. Menn telja að þessi góði árangur og miðlun kvóta fram og aftur milli skipa eftir sífellt breyttum aðstæðum sé að stórum hluta mjög sveiganlegu framsali að þakka. Ef 15% reglan tæki gildi gætu loðnuskipin ekki miðlað kvótanum eftir þörfum yfir á þau skip sem þyrftu á kvóta að halda og skip sem þyrfti að losna við kvóta gæti ekki flutt hann á skip sem þarfnaðist kvótans ef skipið hefði áður verið búið að kaupa sér kvóta sem næmi meira en 15% af eigin kvóta. Það er talið að loðnuafurðir gefi þjóðarþúinu um 10 milljarða á þessu ári en sú tala hefði orðið miklu minni ef þessar nýju reglur hefðu gilt á núverandi vertíð.

Fskj.

Bréf Halldórs Árnasonar, framkvæmdastjóra Borgeyjar hf., Höfn. (27. febrúar 1994.)

Ég hef verið beðinn að senda dæmi um skaðleg áhrif þeirra frumvarpa sem nú liggja fyrir um breytingar á stjórnun fiskveiða. Áður en slík dæmi eru nefnd er rétt að áréttu að erfitt getur verið að átta sig á í fljótu bragði öllum þeim skaðlegu áhrifum sem jafnmiklar takmarkanir og fyrirhugaðar eru á framsalsréttinum hafa. Framsal veiðiheimilda er jú einn mikilvægasti þátturinn í hagkvæmni kvótakerfisins.

Dæmi um síld.

Hefðbundinn síldveiðibátur var með 1,5 síldarkvóta en ætlaði að veiða tvo á síðustu vertíð. Leigður var 0,5 síldarkvóti og færður inn á skipið sem er meira en 15%. Síldarvertíðin gekk verr en menn höfðu ætlað og talið sig geta búist við svo að báturinn náði ekki öllum kvóta sínum. Nú í apríl var gerður samningur við mun öflugra nótaveiðiskip (loðnubát) um að veiða það sem eftir var af kvótanum. Ef fyrirhugaðar breytingar ná fram að ganga yrði þetta óheimilt þar sem búið yrði að læsa einstefnulokanum þannig að eingöngu mætti færa kvóta inn á skipið. Afleiðingarnar hefðu m.a. verið minni atvinna í landi meðan á hrygningarstoppinu stóð.

Dæmi um humar.

Útgerðin leigir öðrum aðila 140 tn af þorskkvóta sínum sem upphaflega var 200 tn og skilur þannig 60 tn eftir sem alltaf hefur dugað sem aukaafli á humarveiðum. Ef þorskafllinn sem fylgir humrinum yrði óvænt meiri en í eðlilegu ári gæti þessi bátur ekki leigt sér kvóta til að brúa bilið. Hann yrði að hætta veiðum á miðri humarvertíð. Ef hann hefði líka í upphafi vertíðar leigt sér 2 tn af humarkvóta til að geta veitt 12 tn í stað 10 tn gæti hann ekki lengur fært afganginn af humarkvótanum út af bátnum og hann brynni þar með inni.

Spyrja má um skynsemina í að setja slíkar reglur og hver hagnast á þeim.

Fylgiskjal VII.**Tillögur Landssambands smábátæigenda.**
(25. apríl 1994.)

Að beiðni formanns sjávarútvegsnefndar Steingrims J. Sigfússonar eru hér listaðar upp tillögur LS sem fram hafa komið í umsögnum félagsins 23. mars og 25. apríl.

Smábátar á aflamarki.

1. Aflamark smábáta verði hækkað (vísast til tillagna á bls. 2).
2. Samþykkt Fiskipings frá árinu 1992 en þar var samþykkt að smábátar á aflamarki fái heimild til að veiða utan kvóta með handfæri og línu tvo síðustu mánuði fiskveiðisársins. Heimildin næði eingöngu til báta er veitt hafa upp sínar veiðiheimildir sjálfir og aflahlutdeild þeirra ekki minni en hún var 1. janúar 1991.
3. Smábátum undir 6 brl. er völdu aflamark í stað krókaleyfis 1. janúar 1991 verði gefinn kostur á endurvali. Skilyrði fyrir valkosti þessum verði að aflahlutdeild þeirra sé ekki minni en hún var 1. janúar 1991.
4. Meðhöndlun Hagræðingarsjóðs verði breytt þannig að uppbætur úr honum taki mið af aflasamsetningu útgerðaraðila ásamt því að uppbætur úr sjóðnum séu háðar veiðiskyldu.
5. Smábátar á aflamarki fái aukaúthlutun. Þegar vel hefur verið að gáð hafa fundist í skúffum sjávarútvegsráðuneytisins þúsundir tonna af þorski og nú nýverið 7.000 tonn af rækju. Aukaúthlutun sem næmi 3 til 4 þúsund tonnum til þeirra aðila sem verst hafa farið út úr kerfinu myndi engu breyta um stofnstærð þorsksins og væri langt innan skekkjumarka fiskifræðinnar
6. Tekin verði 5% af línutvöföldunarpottinum og þau sett á tímabilið júlí og ágúst. Bátum á aflamarki upp að 12 brl. verði gefin kostur á handfæra- og línuveiðum úr þeim potti og afli þeirra teljist ekki til aflamarks.

LS þykir rétt að ítreka að þessir aðilar hafa misst tæp 70% af sínum veiðiheimildum í þorski frá því kvóti var settur á þá 1. janúar 1991. Upphaflega voru þessir bátar um 1000. Fjöldi smábáta á aflamarki þar sem aflahlutdeild hefur ekki minnkað frá þeim tíma eru á þessu fiskveiðarári 356. Af þeim eru 151 bátur undir 6 brl.

Hvar á að taka aflann?

1. Lækka þorskafhlutdeild loðnuskipa sem nemur úthlutaðri hlutdeild þeirra 1. janúar 1991 er byggt var á aflahámarki er þeim var úthlutað á árunum 1988, 1989 og 1990. Forsenda þeirrar úthlutunar var sú sama og yrði hjá smábátum á aflamarki nú, þ. e. samdráttur í þeirri fisktegunð er ber uppi veiðar þeirra og afkomu. Á þessu fiskveiðiári nema þessar heimildir 2.200 tonnum af þorski upp úr sjó.
2. Afnema úthlutun á þorski úr Hagræðingarsjóði til skipa sem möguleika hafa á að veða upp minni heimildir í þorski með veiðum á tegundum utan kvóta og sókn á mið utan efnahagslögsögunnar.
3. Hækka verulega veiðiskyldu aðila og miða jafnframt úthlutun á næsta ári við hversu hátt hlutfall þeir veiddu af sínum veiðiheimildum. Aflaheimildir er þannig féllu til yrði úthlutað til þeirra er búnir væru að veiða sínar heimildir.
4. Verksmiðjuskip verði látin skila þeim mismun er þau nutu í útreikningi til kvóta allt þar til 18.11.1991. Fram að þeim tíma nutu þau mun hærri frádráttar til uppreiknings á fiski úr sjó vegna „glasseringar“ á flökum. Aflahlutdeild þeirra verði endurreiknuð og skipunum ákvörðuð ný aflahlutdeild.
5. Reiknað verði álag á verksmiðjuskip til að jafna aðstöðumun við landvinnslu. Álagið taki mið af fjölda þeirra starfa sem tapast hafa í landi við að aflinn kemur ekki lengur til vinnslu þar.
6. Álag vegna útflutnings á öðrum fiski verði hækkað í 25%. Kvótaskerðing renni í Hagræðingarsjóð og hækki þann afla sem sjóðurinn hefur til úthlutunar.

Krókabátar

1. Krafa LS er að fest verði í sessi nógildandi banndagakerfi og mönnum jafnframt gefinn kostur á að hliðra sjósókn sinni með frekara vali á sóknarfyrirkomulagi en nú er.
2. Aðilum verði gefinn kostur á að velja í stað banndaga í desember og janúar tveggja mánaða veiðibann yfir sumarið, t.d. júlí og ágúst..
3. Banndögum verði fækkað og nái einungis til þorskveiða. Samkvæmt framkomnum breytingatillögum verða banndagar 136 og að auki bætist við svokallað „hrygningarstopp“ jafnvel upp á 14 til 16 daga. Banndagar yrðu því um 152 sem er hrein viðbót við þær hömlur er ytri aðstæður skapa.

Öllum má vera ljóst að hér er allt of langt gengið. Samtals gerir þetta á sjötta mánuð.

4. Banndögum verði ekki fjölgað nema því aðeins að heildarafli ársins fari fram úr „leyfilegum afla“.
Sá texti er nú liggur fyrir hefur í för með sér að ef farið er fram úr tilgreindum afla á einu tímabili fjölgar banndögum á næsta fiskveiðarári án tillits til þess hvort ársaflinn hafi farið fram úr „leyfilegum afla“.
5. Banndögum fækki í réttu hlutfalli við auknar þorsveiðiheimildir miðað við þær sem nú eru. Hækki aflahámark þorsks um fimmting frá því sem nú er, (fari yfir 186 þúsund tonn) verði banndögum að sama skapi fækkað.
6. Á ný verði sett inn ákvæði um valmöguleika milli krókaleyfis og aflamarks. LS gerir sér fulla grein fyrir rökunum gegn þessu vali, sem eru að viðkomandi aðilar hafi í huga að selja aflamarkið og koma „bakdyramegin“ inn í nýtt krókaleyfi.
Undir þennan leka má setja á eftirfarandi hátt:
Aðili er velur aflamark gæti ekki framselt aflahlutdeild. Selji viðkomandi aðili bátinn myndi aflahlutdeildin renna til baka í „krókaleyfispottinn“ og báturinn seldur sem „krókabátur“.

LS mótmælir því harðlega að draga eigi „áætlaðan afla“ krókabáta jafnt frá smáum sem stórum. Langflestir útgerðarhópar minni skipa hafa fyrir löngu misst svo stóran hlut veiðiheimilda sinna að komið er niður fyrir öll velsæmismörk. LS telur að þessi afli eigi að standa utan við heildarúthlutun og sé þannig ein af mörgum óvissustærðum við stjórn fiskveiða.

Fskj.

Bréf Landssambands smábátæigenda til Jóhanns Ársælssonar.
(30. september 1993.)

Á þeirri löggjafarsamkomu er sett verður í byrjun október, þeirri 117. í röðinni, verður væntanlega enn á ný tekist á um veiðar smábáta í fiskveiðilögsögunni.

Allt frá því að lög um stjórn fiskveiða voru sett 1983/1984 hefur mikill styr staðið um veiðirétt þessa flota og svo er enn.

Smábátæigendur hafa ætíð haldið því fram að aldrei geti verið um jafnræði í leikreglum að ræða með minnstu skeljar flotans og stærstu verksmiðjuskip hans innan sama stjórnskerfis. Þær ytri aðstæður sem smábátaflotinn glími við séu þeim nægilega þungar í skauti þó ekki bætist við fyrirfram tapaður leikur á fjármagnsmarkaði og kvótakaupum. Reynolds undanfarinna ára hefur sannað þetta. Fyrir aðeins 32 mánuðum voru allir bátar milli 6 og 10 brúttólestir settir inn í aflamarkskerfið og afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Í dag hafa 497 bátar horfið úr rekstri og af gögnum frá þeim opinberu stofnunum er um þessi mál fjalla má sjá að veiðiheimildir þeirra hafa nánast alfarið flutst yfir á verksmiðjuskipaflotann, sem vinnur aflann á hafi úti.

Meginástæður þessarar fækkunar er hinn feiknalegi niðurskurður í þorskveiðiheimildum. Í fiskveiðilögunum er enga jöfnunarreglu að finna hvað varðar úthlutun í þorskígildum sem þýðir að niðurskurðurinn hefur bitnað lang harðast á minnstu aðilunum - þeim sem eiga enga sök á því hvernig komið er fyrir þorskstofninum.

Hér skal tekið dæmi sem sýnir þróunina hjá smábát sem eingöngu hefur veitt þorsk og fór inn í aflamarkskerfið í ársbyrjun 1991.

Báturinn fiskaði 70 tonn á viðmiðunarárunum 1988 og 1989.

	Úthlutun	skerðing	
		milli ára	frá viðmiðun
1991 (fyrstu 8 mán.)	51.237 kg.	-26.80%	-26.80%
'91/'92	42.121 -	-17.79%	-39.86%
'92/'93	30.133 -	-28.46%	-56.95%
'93/'94	22.458 -	-25.47%	-67.92%

Eftir standa um **32% af veiðirétti þessa aðila**. Úthlutanir Hagræðingarsjóðs hafa verið léttvægar í þessu sambandi og einsýnt að aðrar og mun róttækari aðgerðir löggjafans þurfa að koma til svo rétta megi hlut þessara aðila gagnvart öðrum innan kerfisins.

Á sama tíma og smábátæigendur á aflamarki hafa orðið að þola framangreinda útreið hafa þeir horft upp á stórútgærðirnar í landinu beita öllum lagakrökum til að færa ónýttar veiðiheimildir sínar - í þorski - á milli fiskveiðiára.

Þessi framvinda mála sviptir því menn ekki aðeins grundvellingum undan þeirri lífsbjörg er þeir hafa valið sér og lagt eigur að veði fyrir, heldur einnig virðingu þeirra fyrir lögum og rétti.

Slíka framþróun verður löggjafinn að koma í veg fyrir, það er hans hlutverk.

Á sömu tímamótum og bátunum 6 til 10 brúttólestir var gert að fara inn í aflamarkskerfið var bátum undir 6 brúttólestum gefinn kostur á svokölluðu krókaleyfi, þ.e. veiðar með handfærum og línu með lögbundnum banndögum, án aflahámarka.

Afli þessa flota hefur vissulega aukist verulega en ástæður aukningarinnar hafa sjaldnast verið útskýrðar. Sá hluti smábátaflotans er **skapaði þá hlutfallslegu viðmiðun 1989** og klifað hefur verið á að þeim beri, **hefur ekkert „sprengt“**, hlutur hans hefur í raun staðið í stað. Aukningin er af þeim orsökum einum, eins og Landssamband smábátæigenda benti á strax í upphafi, að löggjafanum yfirsást að stemma stigu við endurnýjun báta sem ekkert lögðu í upphaflegu hlutdeildina og voru úreltir í stað nýrra öflugra báta. Veiðiaukningin er þó ekki gríðarlegri en svo að millifærslur stórútgærðarinnar milli fiskveiðiára er mun meiri ásamt ýmsum öðrum óvissum stærðum innan fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Reynslan af kvótasetningu 6 til 10 brúttólesta bátanna sýnir svo ekki verður um villst að kvótasetning smábáta á krókaleyfi er ávísun á endalok þessarar útgerðar.

Á erfiðleikatímum í þjóðarbúskapnum hlýtur að vera eitt af meginhlutverkum stjórnvalda að sem flestar vinnufúsar hendur hafi atvinnu. Í því sambandi skal bent á að samkvæmt faglegri úttekt eru ársstörf til sjós á smábátaflotanum nánast nákvæmlega jafn mörg og á öllum ísfisktogaraflota landsmanna. **Aflinn sem smábátaflotinn þarf til sín er hinsvegar u.þ.b. 4 sinnum minni en ísfisktogaraflotinn þarf.**

Öll skynsamleg rök hníga að eflingu smábátaútgerðarinnar. Sú þróun er að eiga sér stað víða í heiminum og litið til hennar sem atvinnuskapandi aðferðar til eflingar byggðar án kostnaðar hins opinbera og hófsamlegrar nýtingar náttúruauðlinda sem skilar að landi hágæða hráefni.

Hér með er leitað stuðnings þíns við málstað smábátæigenda er Alþingi tekur málefni þeirra til umfjöllunar á komandi vetri.

Með fyrirfram þökk

stjórn Landssambands smábátæigenda

Arthur Bogason	formaður	Seltjarnarnesi
Heimir Bessason	varaformaður	Húsavík
Aðalbjörn Sigurlaugsson		Ólafsfirði
Áki H. Guðmundsson		Bakkafirði
Arnar Barðason		Suðureyri
Birgir Albertsson		Stöðvarfirði
Birgir Guðjónsson		Reykjavík
Gunnar Svavarsson		Keflavík
Hilmar Sigurbjörnsson		Vestmannaeyjum
Leif Halldórsson		Patreksfirði
Skarphéðinn Árnason		Akranesi
Bergur Garðarsson		Grundarfirði
Jón Rúnar Backman		Hafnarfirði
Haukur Jónsson		Siglufirði

Fylgiskjal VIII.

Umsögn Eldingar, svæðisfélags smábátæigenda á Vestfjörðum.

(16. mars 1994.)

Eins og flestum ætti að vera kunnugt hefur kvótahlutdeild flestra þorpa á Vestfjörðum hrunið á undanfórnum árum. Bæði hafa aflaheimildir þeirra tegunda sem helst eru veiddar á svæðinu verið skornar niður og eins hafa skip og veiðiheimildir verið seld af svæðinu vegna efnahagsörðugleika. Ekki þarf að fjölyrða um þau áhrif sem slík þróun hefur á afkomumöguleika fólksins og bygðarlaganna.

Sjávarþorpin á Vestfjörðum sem byggðust upp vegna nálægðar við gjöful fiskimið eru nú flest að komast í þá stöðu að eiga allt sitt undir smábátaútgerð komið. Lengst er þróunin komin á Suðureyri, en þar var afli krókaleyfisbáta 64% af lönduðum afla 1993 eða rúmlega 2000 tn.

Heildarafli krókaleyfisbáta á Vestfjörðum árið 1993 var rúmlega 7000. tn. Það má áætla að þessi afli skapi 140 ársstörf við veiðar og 420 ársstörf við úrvinslu og þjónustu, og ætti öllum að vera ljóst mikilvægi þess á ekki stærra atvinnusvæði.

Þar sem innan núverandi stjórnkerfis fiskveiða virðist ekki vera svigrúm til að taka tillit til búseturéttar og framfærsluþarfa íbúa sjávarþorpana er ljóst að smábátarnir eru í mörgum

tilfellum eina bjargræðið. Allar tilraunir til að skerða sóknargetu þeirra verða því að teljast beinar árásir á tilverugrundvöll þorpana.

Fyrirhugaðar takmarkanir á sókn krókaleyfisbáta sem meðal annars fela í sér 7 daga bann síðast í hverjum mánuði eru algjörlega óviðunandi þar sem þær gera útgerðaraðilum og jafnvel fiskverkendum ókleift að fastráða starfsfólk. Ýmsir aðrir þættir fyrirhugaðara aðgerða orka mjög tvíþættis og lesa má óvild tillögusmiðanna útúr þeim. Í því sambandi má benda á að ef afli ákveðins tímabils fer fram úr viðmiðun á að fjölga banndögum sama tímabils næsta ár, en ekki er gert ráð fyrir fjölgun sóknardaga náist viðmiðunarafli ekki.

Það er frávísunarsök á frumvarpið í heild að ekki skuli vera gerð minnsta tilraun til að rétta hlutt hefðbundinna dagróðrabáta sem hafa mestann hlut aflaheimilda sinna í þorski. Dæmi er um að bátur á svæðinu hafi eingöngu 22.5% þeirra veiðiheimilda sem honum voru úthlutaðar 1984 og hefur hann ekki selt frá sér eitt einasta kíló. Einnig er það frávísunarsök að ekki sé gerð tillraun til að koma lögum yfir kvótabraskið.

Í ljósi þess að nú virðist mikill uppgangur í lífríki hafsins verður að teljast óþarfi að takmarka sókn krókaleyfisbáta frekar en orðið er og jafnframt ætti að vera svigrúm til að auka heimildir hefðbundinna dagróðrabáta sem hafa nánast verið ofsóttir af kerfinu síðastliðin tíu ár.

Uplýsingar um afla krókaleyfisbáta í nokkrum sjávarþorpum .
Rétt er að taka fram að hlutdeild þeirra fer vaxandi.

Bolungarvík. 1125 tn eða 16,3% af heildar botnfiskafli.

Suðureyri. 2008 tn eða 64% af heildar botnfiskafli.

Flateyri. 551 tn eða 15% af heildar botnfiskafli.

Pingeyri 235 tn eða 5% af heildar botnfiskafli.

Tálknafjörður 1279 tn eða 27% af heildar botnfiskafli.

Patreksfjörður 1620 tn eða 23% af heildar botnfiskafli.

Þessar upplýsingar eru fengnar hjá hafnarvogum viðkomandi byggðalaga og reiknaðar sem óslægður afli.

Fylgiskjal IX.**Samþykkt Smábátafélags Hornafjarðar.
(5. janúar 1993.)**

Á fundi Smábátafélags Hornafjarðar var samþykkt áskorun til alþingismanna um að breyta lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, á þann veg, að ekki myndi framseljast veiðiheimildir innan banndagakerfisins og verði það jafnframt fest varanlega í sessi.

Við viljum benda á samþykkt fiskiþings, sem haldið var í október 1992 um útfærslu á veiðistýringu samábáta.

- Samþykktin var svohljóðandi:
- Smábátar undir 6 tonnum. Krókaleyfisbátar takmarkist við núverandi fjölda. Krókaleyfisbátar fá aldrei kvótareynslu.
- Sóknarstýring verði þannig:
- Róðrarfjöldi þeirra verði 180 dagar á ári að hámarki. Bátar undir 6 tonnum fá ekki að róa í desember-janúar, föst sókn telst maí-júní-júlí = 92 dagar. Bátar undir 10 tonnum með aflaheimild geta fengið heimild til handfæra og línuveiða í júlí og ágúst uns **30 tonna afla** er náð, enda hafi þeir ekki selt frá sér kvóta og fiskað sjálfir upp í sínar aflaheimildir.

Tillaga þessi var samþykkt á fiskiþingi með 8 atkvæðum gegn 1.

Innan banndaga kerfisins er 1.136 bátar og 4.000 tonna heildarkvóti eða um 3,5 tonn á bát. Á 3,5 tonnum rekur enginn bát og fjölskyldu. Samkvæmt upplýsingum frá Landssambanki Smábátæiganda skapar hver smábátur 2,7 ársverk. Útgefið krókaleyfi eru 1.136, ef þessir 1.136 krókaleyfisbátar hættu vegna ónógra aflaheimilda mundu um 3.000 manns missa atvinnu í fiskvinnslu og öðrum rekstri, sem skapast í kring um smábátaútgerð.

Fundurinn samþykkti svohljóðandi breytingatillögu við ofangreinda tillögu fiskiþings, að í stað "30 tonna afla", vill fundurinn láta standa "**30 þorsgildistonna afla**".

*Sigfinnur Gunnarsson.
Gunnar Guðmundsson.
Gísli Geir Sigurjónsson.*

Fylgiskjal X.**Umsögn Verkamannasambands Íslands.**
(25. apríl 1994.)**1. grein.**

Falli veiðileyfi skips skv. 1. mgr. þessarar greinar niður má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað enda hafi slíkum rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Er heimilt að veita fleiri en einu skipi veiðileyfi í stað skips er úr flotanum hverfur eða úrelða fleiri en eitt skip á stað skips er í flotann bætist enda sé tryggt að afkastageta fiskiskipaflotans aukist ekki við skiptin. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um endurnýjun fiskiskipa.

Samkvæmt þeim lögum er nú gilda er það forsenda að fyrir nýtt skip, sem keypt er, skuli annað sambærilegt hverfa úr rekstri til að það fái veiðileyfi. Hér er fallið frá því skilyrði að afmá skuli skipið af íslenskri skipaskrá eða selja það úr landi til að veiðileyfi fáið flutt á nýtt skip. Halda má því á íslenskri skipaskrá án veiðileyfis innan fiskveiðilögsögu okkar. Þá er einnig lagt til að veita megi fleiri en einu skipi veiðiheimildir sem fluttar eru af skipi sem verið er að úrelða eða taka af skipaskrá.

VMSÍ hefur haft jákvæða afstöðu til þess að flytja megi veiðiheimildir á fleiri en eitt skip.

2. grein.

Framan við 6. gr. laganna bætist sex nýjar málsgreinar er orðist svo:

Bátar minni en 6 brl. sem velja að stunda veiðar með línu og handfærum skv. I. ákvæði til bráðabirgða skulu frá og með fiskveiðiarinu er hefst 1. september 1994 sæta veiðitakmörkunum eins og kveðið er á um í 2.- 6. mgr. þessarar greinar.

Veiðar skulu bannaðar í desember og janúar sem og í sjö daga um páska og verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Veiðar skulu ennfremur bannaðar sjö síðustu daga hvers mánaðar. Falli banndagar þessir saman við banndaga um páska eða verslunarmannahelgi flytjast þeir fram sem því nemur.

Fiskveiðiarinu skal skipt upp í fjögur veiðitímabil og hámarksafli þessara báta ákveðinn á hverju tímabili. Veiðitímabil eru sem hér segir:

- | | |
|------------|-------------------------------|
| 1. tímabil | 1. september til 30. nóvember |
| 2. - | 1. febrúar til 30. apríl |
| 3. - | 1. maí til 30. júní |
| 4. - | 1. júlí til 31. ágúst |

Sameiginlegur hámarksafli þeirra báta er undir þessa grein falla telst á hverju fiskveiðiarinu meðalafi þeirra í þorskígikdum talið á fiskveiðiarunum sem hófust 1. september 1991 og 1. september 1992 og skal honum skipt þannig milli veiðitímabila

að á fyrsta tímabil falla 24%, á annað tímabil 11%, á þriðja tímabil 32%, á fjórða tímabil 33%. Fari afli á einhverju veiðitímabili fram úr fyrrgreindu hámarki skal banndögum á sama tímabili á næsta fiskveiðarári fjölgað. Í því sambandi skal reikna meðalaflla á dag á umræddu veiðitímabili liðins fiskveiðarárs og finna viðbótarbanndaga með því að deila þeirri tölu í viðkomandi umframafla. Skal banndögum fjölgað um heila daga og broti sleppt. Hámarksafli skv. 4. mgr. á viðkomandi tímabili næsta fiskveiðarárs skal lækka sem umframaflanum nemur.

Viðbótarbanndögum skal bætt framan við mánaðarlega banndaga á viðkomandi tímabili og skipt eins jafnt á mánuðina og unnt er. Skal ráðherra birta auglýsingu um endanlega banndaga hvers nýbyrjaðs fiskveiðarárs jafnskjótt og aflaupplýsingar liggja fyrir, þó ekki síðar en 20. september ár hvert.

Með þessari breytingu er eigendum krókaleyfisbáta gefinn kostur á að velja á milli þess að fá aflahlutdeild á einstökum tegundum eftir þeim reglum sem lýst er í fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði eða stunda áfram krókaveiðar með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í þessari grein. Samkvæmt þessu er lagt til að takmarkanir á veiðum þessara báta verði tvennskónar. Annars vegar verði heimildir þeirra til notkunar veiðarfæra takmarkaðar og þeim aðeins heimilað að stunda veiðar með límu og handfærum. Hér er því ekki um breytingu að ræða. Hinsvegar verði sóknardagafjöldi takmarkaður. Gert er ráð fyrir að veiðar verði bannaðar í samtals 146 daga á ári þannig að banndögum fjölgar um 64 frá því sem gilt hefur um krókabátana. Eftir sem áður verða veiðar bannaðar í desember og janúar og ákvæðin verða ekki tilkuð þannig að þau standi í vegi fyrir hefðbundnum hrognkelsveiðum.

Hér er um að ræða spurningu um hvort rétt sé að setja veiðitakmarkanir báta undir 6 brl. yfirleitt?
Reglan um að banna veiðar 7 síðustu daga hvers mánaðar gæti hvatt til sjósóknar í misjöfnum veðrum á fyrri dögum mánaðarins.
Er réttara að heimila aðeins veiðar ákveðinn dagafjöla í hverjum mánuði?
Afla er skipt niður á 4 tímabil eftir ákveðnum reglum þar sem taka má ákveðið hlutfall heildaraflans á hverju hinna 4 tímabila. Það sem umfram fer skal síðan jafnað á næsta tímabili. Gæti verið skynsamlegra að skipta sóknartímamum á tvö tímabil þar sem það sem fer umfram aflamarkið er jafnað á síðara veiðitímabili?

Þetta kann að vera meira mál smábátaeigenda en fiskvinnslufólks.

Á fiskiþingi stóð fulltrúi VMSÍ að svohljóðandi samþykkt um veiðar krókabáta: " 52 Fiskiþing leggur til að útfærsla á veiðiheimildum krókaleyfisbáta verði 160 dagar miðað við núverandi heildar aflamark á þorski. Föst sókn telst 92 dagar í mánuðunum maí, júní og júlí.

VMSÍ hefur ekki tekið afstöðu til frekari skerðinga á krókaveiðibáta.

3. grein.

Í stað 4. málslíðar 2. mgr. 7. gr. laganna komi ný málsgreim er orðist svo:

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar skal draga eftirtalinn afla frá:

1. Áætlaðan afla báta er stunda veiðar með línu og handfærum skv. 1. - 6. mgr. 6. gr.
2. Línuafli í samræmi við 6. mgr. 10. gr. og skal línuafllinn skiptast milli þorsks og ýsu á grundvelli skiptingar á síðasta fiskveiðiári.
3. Aflaheimildir sem nota skal til jöfnunar sbr. 9. gr.

Hér er í raun verið að leggja til að skerða aflamöguleika þeirra báta er stunda svokallaðar strandveiðar þ.e.a.s. línu- og færabáta. Í ýmsum, sérstaklega smærri byggðarlögum eru þessar veiðar undirstaða afkomu í sjávarútvegi. með þessari skerðingu er verið að koma til móts við sjónarmið stærri útgerða og vinnslustöðva um afnám/takmörkun línutvöföldunar og annarra veiðiheimilda sem eru utan hins eiginlega aflamarkskerfis. Hér er lagt til að draga þessar aflaheimildir frá leyfðum heildarafla áður en til skiptingar hans kemur milli einstakra skipa.

Afstaða VMSÍ hfur verið sú að hafa þetta fyrirkomulag óbreytt.

4. grein.

9. gr. laganna orðist svo:

Á hverju fiskveiðiári skulu aflaheimildir af botnfiski er nema 12.000 þorskígildum í lestum talið vera til ráðstöfunar til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda. Skal þessum aflaheimildum skipt milli botnfisktegunda í hlutfalli við leyfðan heildarafla af einstökum tegundum og verðmætahlutföll sem ráðherra ákveður.

Veruleg telst breyting í þessu sambandi ef aflaheimildir af einstölum tegundum dragast svo mikið saman að fyrirjáalegt er að tekjur þeirra skipa sem háðust eru veiðum af viðkomandi tegund rýrni um meira en 10% milli fiskveiðiára. Skal ráðherra árlega ákveða með reglugerð ráðstöfun þessara heimilda þannig að þær nýtist útgerðum þeirra skipa sem fyrir mestri skerðingu hafa orðið.

Sé aflaheimildum ekki ráðstafað til uppbóta skv. þessari grein bætast þær við heildaraflamark viðkomandi tegunda og koma til úthlutunar í samræmi við aflahlutdeild einstakra skipa.

Þetta ákvæði felur í sér að 12.000 þorskígildum verður haldið utan við úthlutun aflaheimilda og ætluð til sveiflujöfnunar þegar fyrirjáanlegt er að tekjur skipa sem háð eru veiðum af ákveðinni tegund innan aflamarkskerfisins rýrna meira en 10% milli fiskveiðiára. Ráðherra er ætlað að ákveða ráðstöfun aflaheimildanna með setningu reglugerðar. Hingað til hefur verið ákveðið með löggjöf hvernig aflaheimildum hefur verið ráðstafað þegar tilefni hefur verið talið til. Með þessari breytingu er ráðherra fengið reglugerðarvald til að taka slíkar ákvarðanir.

Samhliða þessu frumvarpi er flutt sérstakt frumvarp um ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs á þessu fiskveiðiári. Full þörf virðist vera fyrir tæki til sveiflujöfnunar með þessum hætti, en oftast hefur verið ágreiningur um ráðstöfunina.

5. grein.

3. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að flytja allt að 10% af aflamarki hvernar botnfisktegundar og aflamarki úthafsækju, humars og síldar frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta.

Hér er lagt til að heimild til að flytja hluta af aflamarki einstakra botnfisktegunda og úthafsækju frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta verði lækkuð úr 20% í 10%. Reynslan hefur sýnt að 10% geimsluréttur er nægjanlegur í þessu skyni.

Jafnframt er talið ljóst að 20% geimsluréttur skapi meiri óvissu um árlegan heildarafla en forsvaranlegt sé. Flutningur svo stórs hluta aflaheimilda geri stjórnun fiskveiða ómarkvissari og sveiflukennndari en æskilegt sé.

6. grein.

1. málslíður 6. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Fiskur sem veiðist á línu í mánuðunum nóvember, desember, janúar og febrúar skal aðeins að hálfu talinn til aflamarks þar til sameiginlegur línuafli af þorski og ýsu hefur náð 34.000 lestum miðað við óslægðan fisk.

Hér er lagt til óbreytt ákvæði um að helmingur þess línuaflla sem veiðist á þessu tímabili teljist til aflamarks. Hinsvegar er gert ráð fyrir þaki á heildaraflann svo hann skerði ekki aflaheimildir annarra skipa meira en orðið er. Fiskistofu er ætlað að fylgjast með afla á línuveiðum á þessu tímabili og tvöföldunin verður afnumin þegar hámarkinu er náð og allur afli fram yfir það talinn að fullu til aflamarks.

VMSÍ hefur lýst yfir stuðningi við að fiskur veiddur á línu á þessu 4ra mánaða tímabili skuli aðeins að hálfu vera talinn til heimilaðs aflamarks. Hér er að auki lagt til að þak verði sett á heildarkvótann og það bundið í lögum um stjórn fiskveiða.

7. grein.

Aftan við 11. grein bætist sjö nýjar málsgreinar er orðist svo:

Heimilt er að framselja aflahlutdeild til aðila sem reka vinnslu sjávarafurða hér á landi með þeim skilyrðum og takmörkunum sem nánar er kveðið á um í þessari grein.

Með vinnslu sjávarafurða er í þessu sambandi átt við vinnslu er fellur undir skilgreiningu 2. tl. 1. mgr. 4. gr. 1. nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, enda sé fyrir hendi gilt vinnsluleyfi fyrir viðkomandi starfsemi samkvæmt ákvæðum 1. nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Aldei má framselja aflahlutdeild til vinnslustöðvar sem ekki stundar vinnslu á viðkomandi tegund og aldrei má aflahlutdeild í einstökum tegundum verða hærri en svo að aflamark af þeirri tegund verði meira en sem nam meðaltalsvinnslu viðkomandi tegundar í vinnslustöðinni næstliðin þrjú almanaksár. Botnfiskur telst ein tegund í þessu sambandi.

Tafarlaust skal leita staðfestingar Fiskistofu á að skilyrðum fyrir flutningi aflahlutdeildar sé fullnægt og öðlast flutningur ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir.

Aflamark, sem úthlutað er á grundvelli aflahlutdeildar aðila er rekur fiskvinnslu, er heimilt að framselja til skipa er leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni enda hafi það skip sem fært er til aflahlutdeild í þeirri tegund sem framseld er, og gildir 2.mgr. 12. gr. um tilkynningu varðandi slíkan flutning. Ekki er heimilt að flytja aflamark til aðila er rekur fiskvinnslu.

Hætti aðili sem fengið hefur framselda til sín aflahlutdeild rekstri eða missi hann vinnsluleyfi fellur aflahlutdeild hans niður og hækkar hlutdeild annarra í samræmi við það. Sama gildir um þann hluta aflahlutdeildar viðkomandi aðila sem er umfram meðaltalsvinnslu hans af viðkomandi tegund næstliðin þrjú almanaksár.

Aðilum gefst þrátt fyrir ákvæði 12. mgr. þriggja mánaða frestur frá því að rekstri er hætt, vinnsluleyfi féll niður eða frá upphafi þess fiskveiðiárs er aflamark fer umfram meðaltalsvinnslu síðustu þriggja ára, til að framselja aflahlutdeild sína.

Hér er lagt til að heimilt verði að framselja aflahlutdeild frá fiskiskipum til aðila sem reka vinnslu sjavarafurða enda sé tilteknnum skilyrðum fullnægt.

Með þessu er gert ráð fyrir að hver sá aðili sem stundar fisk eða mjölvinnslu á hvaða verkunarstigi sem er, geti öðlast hlutdeild í kvóta. Fullnægja verður þó skilyrðum hvað varðar eignarðild iutlendinga skv. lögum þannig að þeir geti ekki öðlast ráðstöfunarrétt á auðlindinni.

VMSÍ hefur fallist á að heimilt verði að selja aflahlutdeild skips yfir á fiskvinnslustöð enda verði tryggt við lagasetningu að þær aflaheimildir nýtist til að auka atvinnuöryggi fiskvinnslufólks.

8.grein.

Aftan við 3. mgr. 12. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Aldrei er heimilt að flytja aflamark milli skipa leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

Samkvæmt gildandi lögum er ekki heimilt að flytja aflahlutdeild á milli skipa ef flutningurinn leiðir til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til eru bersýnilega umfram veiðigetu þess. Hér er lagt til að samskonar ákvæði gildi hvað varðar flutning aflamarks.

VMSÍ hefur þá afstöðu í grundvallaratriðum að það geti ekki stutt óbreytt fyrirkomulag um flutning aflaheimilda nema tryggt verði að það brask með aflaheimildir sem viðgengist hefur verði aflagt.

9. grein.

1. málslíður 4. mgr. laganna (sbr. 9. gr. 1 n. 36/1992) er verður 5. mgr. orðist svo:

Veiði fiskiskip minna en 25% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.

10. grein.

Aftan við 4. mgr. 12. greinar laganna er verður 5. mgr. bætist nýr málslíður er verði 3. málslíður er orðist svo:

Ráðherra er þó heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar mgr. ef fiskiskipi, með leyfi til veiða í atvinnuskyni, er haldið til veiða fyrir utan íslenska fiskveiðilögsögu samfleytt í 12 mánuði eða lengur.

Varðandi 9. og 10. gr.: Í gildandi lögum er ákvæði um að sé a.m.k. 25% af aflamarki skips ekki veitt tvö ár í röð falli aflahlutdeild þess niður. Er tilgangur þessa ákvæðis að knýja útgerðarmenn til að sameina aflaheimildir skipa og koma í veg fyrir að skipum sem lítt eða ekki er haldið til veiða sé úthlutað aflamarki ár eftir ár. Í ljós hefur komið að umt er að fara í kringum gildandi ákvæði með því að flytja aflahlutdeild tímabundið af viðkomandi skipi. Er hér lagt til að þeirri smugu verði lokað með því að kveða á um að bæði veiðileyfi og aflahlutdeild hiti sömu ákvæðum hvað varðar nýtingu þeirra. Hér er ráðherra þó gefin heimild til að víkja frá því að svipta skip aflahlutdeild og veiðiheimild ef skipi hefur verið haldið til veiða utan fiskveiðilögsögu. Þetta ætti að liðka til fyrir því að útgerðir reyni fyrir sér með veiðar á alþjóðlegum hafsvæðum.

11. grein.

Við 1. mgr. 16. gr. bætist tveir nýir málslíðir er orðist svo:

Starfsmönnum hafnaryfirvalda er heimill aðgangur að fiskiskipum, flutningsförum, fiskverkunum og birgðageymslum sem nauðsynlegur er til að vigta sjávarafla eða hafa eftirlit með vigtun hans. Hafnaryfirvöld skulu senda Fiskistofu jafnharðan upplýsingar um landaðan afla í því formi sem ráðherra ákveður með reglugerð.

Hafnaryfirvöldun ber samkvæmt nügildandi lögum að hafa eftirlit með löndun og vigtun afla og söfnun upplýsinga um hann. Í dag eiga þessar upplýsingar að berast jafnharðan til Fiskistofu í gegnum tölvukekrfi sem tengt er við hafnirnar. Það hefur þótt nokkuð á skorta að hafnaryfirvöldum væri tryggð lagaleg aðstaða til eftirlitsins og jafnframt ákvæði um skyldu þeirra til að sinna eftirlitinu.

Þetta ákvæði sýnist vera til bóta og gera eftirlit skilvirkara.

12. grein.

Orðið "ráðuneytisins" í 2. málslíð 1. mgr. 18. gr. laganna falli niður.

Með gildistöku laga nr. 36, 27. maí 1992, var starfssemi veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytisins flutt til Fiskistofu. Við þá lagabreytingu láðist að gera þá breytingu á orðalagi 18. gr. sem hér er lögð til. Veiðieftirlitið heyrir nú undir Fiskistofu í stað ráðuneytisins áður.

13. grein.

Aftan við 18. grein laganna bætist þrjár nýjar mgr. er verði 5. til 7. mgr. greinarinnar og orðist svo:

Fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar milli skipa skal útgerð þess skips sem flutt er frá greiða 1.500 kr.

Séu tilkynningar sendar Fiskistofu um flutning aflamarks frá skipi á sama fiskveiðiárinu fleiri en tíu, skal greiða sérstakt gjald er nema skal 10.000 kr. fyrir hverja tilkynningu sem umfram er.

Gjald skv. 5. og 6. mgr. er grunn gjald er miðast við byggingarvisitölu í janúar 1994 og breytist í hlutfalli við þær breytingar er á henni kunna að verða.

Í fyrstu mgr. er lagt til að tekið verði gjald fyrir hvern flutning veiðiheimilda til að standa undir kostnaði sem af því leiðir.

Í annarri mgr. er hinsvegar lögð til gjaldtaka af öðru tagi. Skráning tilkynninga um flutning aflamarks er í sjálfu sér tiltöfulega einföld aðgerð hjá Fiskistofu og er ekki gerð tillaga um að upp sé tekið almenn gjald vegna þeirrar skráningar. Á því hefur hinsvegar borið að fjöldi tilkynninga um flutning aflamarks til einstakra skipa keyri úr hófi og eru dæmi um að margir tugir eða jafnvel hundruð slíkra tilkynninga séu send varðandi einstök skip á sama fiskveiðiárinu. Hér er verið að misnota þá hagræðingarmöguleika sem felast í framseljanlegu aflamarki. Hér er gerð tillaga um að lagt verði á sérstakt gjald ef tilkynningar verða fleiri en tíu á sama fisk-veiðiári. Gjaldið verði kr. 10.000

VMSÍ hefur verið á móti því í grundvallaratriðum að flutningur veiðiheimilda væri heimilaður.

14. grein.

1. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Beita skal ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögsmæts sjávaraflla með síðari breytingum, vegna brota gegn þessum lögum eftir því sem við á.

Hér er einungis lagt til að texta 1. mgr. 20. gr. verði breytt til samræmis við þá breytingu sem þegar er orðin.

15. grein.

Lög þessi öðlist þegar gildi. Ákvæði 2. og 4. gr. laganna koma þó ekki til framkvæmda fyrr en frá og með því fiskveiðíári er hefst 1. september 1994 sbr þó I. og II. bráðabirgðaákvæði.

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA**I**

Útgerðum báta sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakörkunum, skv. 6. mgr, II. ákvæðis til bráðabirgða í l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, gefst fyrir upphaf fiskveiðisársins er hefst 1. september 1994 kostur á að velja milli aflahlutdeildar eða línu- og handfæraveiða með dagatakörkunum skv. 1.-6. mgr. 6. gr.

Hlutdeild einstakra báta í leyfðum heildarafla einstakra botnfisktegunda skal vera jöfn hlutdeild þeirra í heildarafla viðkomandi tegunda á tímabilinu 1. september 1991 til 31. ágúst 1993. Við mat á þeirri aflareynslu skal einungis tekið tillit til afla en ekki frátafa eða annarra atvika. Skal Fiskistofa birta útgerðum einstakra báta bréflega hvert úthlutað aflamark þeirra hefði orðið á fiskveiðíárinu 1. september 1993, til 31. ágúst 1994 ásamt forsendum fyrir þeirri úthlutun og gefa hæfilegan frest til að koma að athugasemdum.

Útgerðir skulu tilkynna Fiskistofu fyrir 1. júlí 1994 um val sitt skv. 2. mgr. Berist slíkar tilkynningar ekki í tæka tíð skal úthluta aflamarki til viðkomandi báts.

II

Banndagar skv. 2. mgr. 6. gr. taka gildi frá gildistöku laga þessara til veiða þeirra báta sem stundað hafa línu- og handfæraveiðar með dagatakörkunum skv. 6. mgr. III. ákvæðis til bráðabirgða í l. nr. 38/1990.

Fskj.

**Hugsanleg áhrif lagafrumvarpa um sjávarútveg
á fiskvinnslu í landi.
(25. apríl 1994.)**

Náðst hefur samkomulag milli stjórnarflokkana um breytingar á frumvarpi til laga um stjórnun fiskveiða. Í þessum breytingartillögum er reynt að koma til móts við kröfur bæði trillukarla, útgerðarmanna og sjómanna, en sjónarmið fiskvinnslunnar látin sitja á hakanum. Gagnvart útgerðarmönnum er heimildin fyrir fiskvinnsluna að eignast kvóta felld út og ráðstöfun á 12.000 tonna kvóta Hagræðingarsjóðs er fest í sessi. Gagnvart trillukörum er krókaleyfiskerfinu að meginhluta haldið til haga en banndögum fjölgað nokkuð. Gagnvart sjómönnum er stefnt að því að því að lögbinda ákvæði um

samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, í lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins er tekið inn ákvæði sem bannar að kostnaður vegna kaupa á aflamarki verði dregin frá heildarverðmæti og í lögum um stjórn fiskveiða er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum til þess að sporna gegn svokölluðu kvótabraski:

- felld er út heimild að framselja aflahlutdeild til fiskvinnslustöðva.
- lagt er bann við því að flytja aflamark til skips ef meira en 15% aflamarks sömu tegundar hafa verið flutt af skipinu á fiskveiðiarinu og öfugt.
- ef skip nota ekki meira en 50% eða meira af aflamarki í tvö ár í röð falli veiðileyfi þess niður.
- bannað verður að flytja meira aflamark á skip en það bersýnilega getur aflað.

Markmið þessara breytinga er eins og áður sagði að koma í veg fyrir svokallað kvótabrask með því að þrengja verulega að framsali á aflaheimildum, en hvaða áhrif hafa þessar breytingar á stöðu landvinnslunnar? Fulltrúar atvinnurekenda í fiskvinnslu hafa lagst gegn þessum breytingum og haldið því fram að þær muni valda verulegum samdætti í þeim afla sem landað er til vinnslu innanlands. Fljótt á litið gætu tvö atriði í þessum breytingartillögum geta haft áhrif á vinnsluna í landi, annars vegar niðurfelling heimildarinnar að framselja aflahlutdeild til vinnslustöðva ásamt banni við því að flytja meira aflamark á skip en það getur sannanlega veitt og hins vegar þær þrengingar sem gerðar eru á framsali aflaheimilda.

Hvaða áhrif hefur niðurfelling fiskvinnslukvóta?

Þessi breyting mun trúlega ekki hafa áhrif til minnkunar á því heildarmagni sem fer til vinnslu í landi, en hins vegar hafa veruleg áhrif á möguleika einstakra byggðalaga að vinna sig út úr fjárhagslegum þrengingum. Í þeim fjárhagslegu þrengingum sem einstaka sjávarútvegsfyrirtæki hafa lent í undanfarin ár hafa þau neyðst til þess að selja frá sér eignir, oftast fiskiskipin. Sum þessara fyrirtækja hafa reynt að halda einhverjum hluta aflaheimilda eftir í viðkomandi plássum með því að færa þær á þau skip sem eftir eru þrátt fyrir að þessi skip komi ekki til með að geta notað þessar heimildir sjálf. Þessar heimildir hafa síðan verið notaðar í tonn á móti tonni viðskiptum, en vafasamt hefur verið samkvæmt gildandi lögum hvort heimilt sé að skrá meiri heimildir á skip en það getur veitt. Ekki hefur reynt á þetta og segja má að sjávarútvegsráðuneytið hafi horft í gegnum fingur sér með þetta. Með því að taka upp formlegan fiskvinnslukvóta hefði verið tryggt að þetta væri löglegt. Þær breytingartillögur sem nú liggja fyrir Alþingi ganga hins vegar í þver öfuga átt - nú er ætlunin að koma algerlega í veg fyrir þetta með því bæði að fella niður fiskvinnslukvótann og jafnframt að banna að skráðar séu meiri aflaheimildir á skip en þau geti sjálf veitt. Þau fyrirtæki sem stundað hafa þessi viðskipti verða nú annað hvort að selja frá sér aflaheimildir og í framhaldi af því leggja vinnsluna niður vegna skorts á hráefni. Hinn möguleikin er að kaupa til sín skip aftur, en þar sem í flestum tilfellum er um tiltölulega litlar heimildar að ræða er lítil von til þess að slík útgerð standi undir sér og því myndi stöðvun rekstrar aðeins frestast um sinn.

Hvaða áhrif hefur takmörkun á framsali?

Ljóst er að einstaka fiskvinnslufyrirtæki hafa á undanförunum árum reynt að draga úr áhrifum af aflsamdrætti með því að bjóða "sjálfstæðum" útgerðarmönnum upp á fá eitt tonn af veiðiheimildum gegn því þeir leggi upp aflan hjá þeim - tonn á móti tonni viðskipti. Spurningin er hins vegar hvort þetta leiði til þess að heildarmagn þess afla sem landað er til vinnslu hér innanlands aukist við þetta, eða hvort hér er um innbyrðis samkeppni að ræða og því fremur spurning um svæðisbundna staðsetningu vinnslunnar en ekki hvort fiskurinn verði unninn í landi. Skipta má áhrifunum af þessum viðskiptum í eftirfarandi:

- að hluta til kemur þessi afli frá öðrum vinnslustöðvum, sbr. Suðurnes og Snæfellsnes. Í slíkum tilvikum hefur framsal kvóta engin áhrif á það heildarmagn sem fer til vinnslu innanlands, heldur staðsetninguna, en hefur trúlega valdið aukinni framleiðni í greininni.

- að hluta til hafa þessi viðskipti orðið til þess að gámaútflutningur hefur dregist verulega saman, þar sem útgerðarmenn hafa getað lengt útgerðartímabil sitt um 4-6 vikur á ári hverju með þeim heimildum sem þeir fá á móti sínum eigin. Þetta, ásamt verðhækkun hér innanlands og verðlækkun erlendis á fiskmörkuðum, hefur leitt til þess að það er mun hagstæðara fyrir þessa útgerðarmenn að landa til vinnslu hér innanlands heldur en að senda fiskinn út í gámum. Áhrifin eru klárlega þau að meiri fiskur fer til vinnslu hér innanlands en ella.

- að hluta til hefur framsalsmöguleikin hvatt fyrirtæki til þess að sækja meira á úthafsveiðar. Þetta kemur til vegna þess að fyrirtæki með blandaðan rekstur sem lagt hafa áherslu á vinnslu í landi geta með framsalsheimildunum hagrætt mun betur sóknina í hefðbundnar tegundir með því að nota kvóta frystitogaranna til þess að bjóða upp á m.a. tonn á móti tonni og senda þá á úthafsveiðar (karfa, rækju, þorsk, blálöngu o.fl.). Þetta hefur tvímælalaust aukið verðmætasköpunin í sjávarútveginum. Ef frekari takmarkanir verða settar á framsal veiðiheimilda verða þessi skip að nota meiri tíma í íslenskri lögsögu til þess að missa ekki aflaheimildirnar og það gæti dregið úr úthafsveiðum.

- að hluta til hefur framsalsmöguleikin gert fiskvinnslunni kleyft að bregðast fyrr við utan að komandi breytingum til þess að tryggja hráefni til vinnslu. Þetta getur til dæmis komið til vegna þess að skilyrði fyrir sókn mismunandi skipategunda eru ólík og þá er hægt að færa aflaheimildir milli skipategunda til þess að ná aflanum. Ef framsalsheimildir verða takmarkaðar er hætta á að stærri hluti veiðiheimilda náist ekki og falli niður milli fiskveiðiára.

- að hluta til hefur framsalsmöguleikin gert það að verkum að heildarframlegð þeirra fyrirtækja sem stunda tonn á móti tonni viðskipti hefur aukist og þannig spornað gegn fjölgun frystitogara. Frekari takmörkun á framsali gæti því leitt til þess að frystitogurum fjölgi ennfrekar frá því sem nú er vegna þess hversu arðsemi þeirra er meiri.

Niðurstaða

Af ofangreindu má ráða að veruleg hætta er á því að sú málamiðlun sem ríkisstjórnarflokkarnir náðu hafi neikvæð áhrif á fiskvinnslunna í landi, annað hvort með auknum gámaútflutningi eða fjölgun frystitogara. Því er mikilvægt að finna aðrar leiðir

til þess að tryggja það að sjómenn verði ekki þvingaðir til þess að taka þátt í kvótakaupum. Hugsanlegt er að herða á refsiaðkvæðum þeim sem fram koma í 2. gr. frumvarpsins til laga um breytingar á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins í þá átt að verði útgerðarmenn uppvísir að því að brjóta 2. ml. 1. mgr. 1. gr. liggja við missir aflahlutdeildar og veiðileyfis í stað einungis sekta eins og nú er gert ráð fyrir.

Fylgiskjal XI.

Ályktun Verkalýðsfélagsins Fram, Sauðárkróki, um kvótamál.

(27. apríl 1994.)

Stjórn Verkalýðsfélagsins Fram telur að hvaða skoðanir sem menn hafi á núverandi kvótakerfi sem stjórnþæki við fiskveiðar Íslendinga sé það staðreynd að þau sjávarútvegsfyrirtæki sem skilað hafa bestum árangri og sýnt mestar framfarir og þróun séu þau sem lagt hafa sig eftir aðlögun að kerfinu og hafa nýtt sér þann sveigjanleika sem það býður upp á til meiri hráefnisöflunar og öflugri vinnslu í landi.

Verði frumvarp það, sem nú liggur fyrir Alþingi til breytinga á stjórn fiskveiða, að lögum óbreytt mun það vinna gegn þeirri hagkvæmni sem augljós er í rekstri ýmissa fyrirtækja um þessar mundir.

Þær girðingar, sem settar eru í frumvarpið til heftingar á framsali kvóta milli útgerða og skipa, eru of háar. Þær munu leiða til þess að fyrstiskipum fjölgi, útflutningur á óunnunum fiski í gámum mun aftur aukast og atvinna landverkafólks minnka að sama skapi.

Það er lífshagsmunamál fyrir atvinnulífið á Íslandi að sem mestur virðisauki verði til í landinu við úrvinnslu á íslensku hráefni. Því skorar stjórn Verkalýðsfélagsins Fram, sem samþykkir þetta mál með vitund starfsfólks í fiskiðnaði við Skagafjörð, á Alþingi að afgreiða þetta mál svo að hagkvæmni og þróun fiskvinnslunnar í landi verði í fyrirrúmi.

F.h. stjórnar Vlf. Fram,

Jón Karlsson.

Fylgiskjal XII.

Úr ályktun 11. landsfundar Alþýðubandalagsins.

Við margskonar erfiðleika er nú að etja í flestum hefðbundnum atvinnugreinum Íslendinga.

Afkoma sjávarútvegsins er slæm og skuldabyrðin gífurleg. Ríkisstjórninni hefur með öllu mistekist að koma saman heillegri stefnu ímálefnum greinarinnar og endurskoðun laga um stjórn fiskveiða er íuppnámi.

Ríkisstjórnin kaus að loka það mál inni í stjórnarflokkunum með hörmulegum árangri.

Eigi að nást betri samstaða um málefni sjávarútvegsins er nauðsynlegt að gerbreypa vinnubrögðum. Taka á sjávarútvegs málin í heild, þar með talið stjórn fiskveiða, til endurskoðunar og í því verki eiga allir að vera þátttakendur frá byrjun, bæði stjórn og stjórnarandstaða og fulltrúar allra hagsmunaaðila, þ.m.t. sjómanna, landverkafólks og byggðalaganna.

Tryggja verður að arðurinn af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar renni til íbúa byggðanna og landsmanna allra en ekki til fáeinna útgerðaraðila. Stöðva verður þá eignarmyndun á óveiddum fiski, sem þegar á sér stað ínúverandi kerfi, þrátt fyrir sameignarákvæði laga um fiskveiðistjórnun.

Meðal þeirra leiða sem þarf að skoða eru hugmyndir um að taka upp afnotagjald sem staðfestir að fiskurinn í sjónum sé sameign þjóðarinnar, og kanna verður rækilega aðrar leiðir en núverandi fiskveiðistefna, þar á meðal hugmyndir um sóknarstýringu.

Samtök sjómanna hafa lýst yfir fullri andstöðu við framsali á veiðiheimildum, þ.e. sölu á óveiddum fiski innan gildandi kerfis um stjórn fiskveiða. Alþýðubandalagið lýsir yfir fullri samstöðu með sjómönnum í baráttu þeirra gegn viðskiptum með aflaheimildir sem fara fram á þeirra kostnað. Og telur að bannað eigi með lögum að sjómenn taka þátt í kostnaði sem tengist viðskiptum með veiðiheimildir.

Það er afstaða Alþýðubandalagsins að meðan endurskoðun fiskveiðistefnunnar stendur yfir skuli tekið á þeim vanda sem frjálst framsal aflaheimilda hefur skapað með reglum sem takmarka það verulega, m.a. þannig að framvegis verði fyrst og fremst um að ræða skipti á jafngildum veiðiheimildum og sveigjanleika ef bilanir eða óviðráðanlegar orsakir valda umtalsverðri röskun á útgerð.

Forkaupsréttur sveitarfélaga verði á umpóttunartímabilinu látinn ná til aflaheimilda en ekki einungis skipa. Settar verði nýjar reglur um meðferð aflaheimilda við gjaldþrot og hvernig þær skuli ganga til nýrrar úthlutunar með tilliti til atvinnusjónarmiða. Einnig verði útgerðum gert skylt að bjóða með tryggum og viðurkenndum hætti allan afla til sölu á innlendum fiskmörkuðum nema að hann fari beint til vinnslu innanlands.

Fundurinn telur að gæta eigi ýtrustu varkárni gagnvart umhverfinu og að hvetja eigi til veiða með vistvænum veiðarfærum, eins og t.d. krókaveiðar, veiðar í gildrur og fleira.

Fundurinn viðurkennir mikilvægi smábátaútgerðar, fyrir byggð í landinu og nauðsyn þess að varðveita þau störf er hún skapar, jafnt til sjós og lands.

Það er krafa Alþýðubandalagsins að krókaveiðileyfi haldist áfram og eigendum smábáta gefist kostur á að velja milli aflamarks og krókaveiða sem lúti almennum sóknartakmörkunum. Athuga ber að veita vistvænum veiðum smærri fiskiskipa aukinn forgang til veiða á grunnslóð.

Lýst er yfir andstöðu við þá útfærslu hugmynda um þróunarsjóð sem stjórnarflokkarnir hafa sett fram. Þar er útgerðinni ætlað að taka þátt í úreldingu fiskvinnsluhúsa, starfandi fyrirtækjum í dag ætlað að taka á sig vanda úr fortíðinni og halda uppi mjög umdeilanlegri úreldingar- eða samdráttarstefnu. Í staðinn setur Alþýðubandalagið fram tillögur um raunverulegan nýsköpunarsjóð.

Ályktun miðstjórnar Alþýðubandalagsins.

Miðstjórnarfundur Alþýðubandalagsins haldinn 5.-6.mars 1994 lýsir yfir þungum áhyggjum vegna þess uggvænlega ástands sem ríkir í málefnum sjávarútvegsins.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur með vinnubrögðum sínum og með þeirri ákvörðun að gera stefnumörkun Tvíhöfðanefndar að sinni stefnu gersamlega klúðrað endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða.

Ríkisstjórnin ætlaði að keyra þessa stefnu sína í gegn á Alþingi þrátt fyrir að samtök sjómanna höfðu lýst yfir fullri andstöðu við frjálsum framsali veiðiheimilda vegna kvótabraskis og óeðlilegra viðskiptahátta sem viðgengst í skjóli kvótakerfisins .

Fjöldmörg byggðarlög eru nú að komast í þrot vegna þess að þau njóta ekki í núverandi kerfi þeirrar nálægðar við gjöful fiskimið sem skapaði þeim lífsgrundvöll til að byggja afkomu íbúanna á.

Alþýðubandalagið hefur lýst sig reiðubúið til að taka þátt í opinni umræðu og stefnumörkun á Alþingi og með öllum þeim aðilum sem láta sig málið varða.

Afstaða Alþýðubandalagsins til grundvallaratriða þeirrar stefnumörkunar liggur fyrir í samþykktum æðstu stofnana flokksins það er miðstjórnar og landsfundar-samþykktum.

Þar er krafan um afdráttarlausu tryggingu fyrir þjóðareign á auðlindum hafsins efst á blaði, en núverandi kerfi með frjálsum framsali aflaheimilda og sölu á óveiddum fiski í sjó, samrýmist ekki þeirri grundvallarreglu.

Miðstjórnarfundurinn felur þingflokki og framkvæmdastjórn að fylgja fast fram þeirri stefnumörkun sem fyrir liggur í miðstjórnar og landsfundarsamþykktum við þá endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða sem nú virðist vera að hefjast.

Jóhann Ársælsson.

Samþykkt samhljóða.

Fskj.

Björn Jónsson, starfsmaður LÍÚ:

**Afli á viðmiðunarárunum og aflamark frá 1984 til 1993/94.
Afli og aflamark í slægðum tonnum nema karfi er óslægður.
(1. febrúar 1994.)**

skrn.	ár.	þ	ý	u	k	g	s
0253 meðalafli á viðm. árum		720	78	32	3	0	0
0253 Hamar SH 224	1984	482	75	74	6	0	24
(sildarbátur)	1985	498	69	71	6	0	-
	1986	548	69	71	5	0	-
	1987	575	69	71	5	0	-
	1988	541	76	78	5	0	-
	1989	487	76	78	5	0	-
	1990	438	76	87	5	0	-
(8 mán kvóti)	91/91	380	56	70	4	0	1
	91/92	362	55	72	6	0	2
	92/93	259	65	84	6	0	2
	93/94	195	65	77	5	0	2
skerðing v/ smábáta samkv. frumvarpi	94/95	172	63	76	5	0	2

Heildarafli af veiddum þorski samkv. skýrslum Fiskifélags
Íslands .

			Hlutdeild í heildar þorskafli
1983	292	þúsund tonn	0.246 %
1984	281	"	0.172 %
1985	322	"	0.155 %
1986	365	"	0.150 %
1987	389	"	0.148 %
1988	375	"	0.144 %
1989	354	"	0.138 %
1990	333	"	0.132 %
1991	306	"	0.124 %
1992	266	"	0.136 %
1993	215	"	0.120 %
1994	165	"	0.118 %
1995	165	skv. frumvarpi	0.104 % áætlað

Hamar hefur hvorki selt né keypt varanlegan kvóta frá upphafi kvótakerfis.

Fylgiskjal XIII.

Ályktun Alþýðusambands Vestfjarða.

(25. apríl 1994.)

Alþýðusamband Vestfjarða skorar á Alþingi að samþykkja engar breytingar á lögum um fiskveiðar sem ekki fela í sér rétt fiskvinnslunnar til eignarhalds á veiðiheimildum. Núverandi reglur mismuna fiskvinnslu úti á sjó og fiskvinnslu í landi herfilega.

Sambandið telur tillögur sjávarútvegsráðherra um skerðingu á flutningi veiðiheimilda milli veiðiskipa ekki neina vörn gegn kvótabraski en vinna aftur á móti mjög gegn hagkvæmni í fiskvinnslu í landi og hamlar gegn þróun sem nú á sér stað með verðmætari framleiðslu í fiskvinnsluhúsum landsins. Tillögurnar stuðla að enn frekari fjölgun frystiskipa og atvinnuleysi fiskvinnslufólks í landi.

Öll umræða og tilraunir stjórnvalda til lagfæringar á „kvótakerfinu“ undirstrika þá afstöðu Alþýðusambands Vestfjarða að þessi aðferð til fiskverndar hefur brugðist og brýnt sé að taka upp nýjar aðferðir þar sem þjóðinni í heild er tryggður eignarréttur að auðlindum hafsins.